

# 2024

## Samfélagsskýrsla

BLUE LAGOON

# Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns
Ávarp forstjóra

## 01 Fyrirtækið

| | |
|---|---|
| Ár umbrota, þrautseigju og úthalds | 10 |
| Verðlaun og viðurkenningar | 14 |
| Vottarnir | 16 |
| Stjórnarhættir | 17 |
| Eignarhald og skipurit | 18 |
| Leiðarljós og stefnur | 22 |
| Gildi Bláa Lónsins | 23 |
| Umfang á markaði | 24 |
| Blue Lagoon Spa | 26 |
| The Retreat | 30 |
| Blue Lagoon Skincare | 34 |
| Kerlingarfjöll | 38 |
| Hoffell | 40 |
| Hrauneyjar | 41 |
| Þjórsárdalur | 42 |

## 02 Sjálfbærni

| | |
|---|---|
| Sjálfbærni | 46 |

## 03 Umhverfisleg áhrif

| | |
|---|---|
| Umhverfisleg áhrif | 56 |

## 04 Samfélagsleg áhrif

| | |
|---|---|
| Mannauður | 64 |
| Öryggismál | 68 |
| Samstarf og samstaða | 70 |
| Stuðningur við nærsamfélagið | 72 |

## 05 Efnahagsleg áhrif

| | |
|---|---|
| Efnahagsleg áhrif | 76 |
| Sjálfbærni í innkaupum | 78 |

## 06 Sjálfbærniyfirlýsingar

| | |
|---|---|
| Almennar upplýsingar | 82 |
| Umhverfistengdir þættir | 109 |
| Samfélagstengdir þættir | 114 |
| Stjórnarhættir | 136 |


# 2024 Samfélags-skýrsla

# Ávarp stjórnarformanns



**Úlfar Steindórsson**
Formaður stjórnar
Bláa Lónsins

Ágætu hluthafar,

Þann 25. október 2023 hófust jarðhræringar á Reykjanesskaga með kraftmiklum jarðskjálftum. Síðan þá hefur gosið 8 sinnum í Sundhnúksgígaröðinni, sem er í u.þ.b. 3 km fjarlægð frá Bláa Lóninu.

Jarðhræringarnar höfðu mikil og truflandi áhrif á rekstur Bláa Lónsins á liðnu ári og ber þar helst að nefna ítrekaðar lokanir, skemmdir á nærliggjandi vegum auk gasmengunar á athafnasvæði félagsins í Svartsengi. Mannvirki félagsins hafa engu að síður staðið af sér þessa atburði enda byggð í samræmi við ítrustu kröfur til að þola jarðhræringar sem þessar. Í þessu samhengi er við hæfi að benda á að í ársskýrslum Bláa Lónsins undanfarna áratugi hefur ætíð verið bent á náttúruhamfarir sem mögulega ógn við starfsemi félagsins og undirbúningur verið unninn sem hæfir þeim greiningum.

Vörumerkið Blue Lagoon er í algjörum sérflokki og verðmæti og styrkleiki þess í alþjóðlegu samhengi hefur komið bersýnilega í ljós á þessum tíma jarðhræringa, en ferðaþjónustan í heild sinni hefur fundið fyrir minnkandi bókunarinnflæði í hvert sinn sem Bláa Lóninu er gert að loka starfstöðvum sínum.

Meginviðfangsefni stjórnenda og stjórnar Bláa Lónsins hefur fyrst og fremst verið að leiða fyrirtækið í gegnum þessa krefjandi tíma og verja hagsmuni félagsins. Fjárhagsstaða félagsins hefur þó einnig gert stjórnendum kleift að halda áfram markvissri og metnaðarfullri uppbyggingu á mörgum sviðum þrátt fyrir jarðhræringarnar. Bæði hafa verið þróaðar nýjar og öflugar rekstrareiningar um allt land og einnig hafa innviðir fyrirtækisins í Svartsengi verið styrktir myndarlega. Allt hefur þetta verið gert með það að markmiði að styrkja stoðir félagsins og sækja fram af fullum þunga.

Með því að vinna vel með yfirvöldum, viðbragðsaðilum og öðrum sérfræðingum hefur verið hægt að opna starfstöðvarnar í Svartsengi aftur hratt og örugglega eftir hvern atburð. Þannig hefur rekstur félagsins verið tryggður eins og kostur er. Atburðirnir hafa þó haft mikil fjárhagsleg áhrif á rekstur Bláa Lónsins en beinn kostnaður félagsins vegna þeirra er áætlaður um 4,5-5 milljarðar króna á liðnu ári og um 7-8 milljarðar frá því að hæringarnar hófust. Munar þar mestu um tapaðar tekjur og greidd laun starfsfólks á þeim tíma sem starfsstöðvar í Svartsengi voru lokaðar. Tekjur Bláa Lónsins námu um 115 milljónum evra á árinu 2024. EBITDA nam tæplega 10 milljónum evra sem verður að teljast undraverður árangur þegar haft er í huga að eldgos stóð yfir í 121 dag á árinu en engu að síður var fyrirtækið einungis lokað í 71 dag.

Tap af félaginu nam tæplega 8 milljónum evra. Efnahagslegt mikilvægi félagsins er eins og áður mikið en skattspor þess á árinu nam rúmlega 4,1 milljarði íslenskra króna sem samanstendur m.a. af staðgreiðslu launa, VSK og öðrum opinberum gjöldum.

Efnahagur félagsins er áfram traustur en eiginfjárhlutfall var 53% í árslok sem hlýtur að teljast gott í ljósi fjárfestinga og uppbyggingar félagsins á árinu auk truflana vegna jarðhræringa.

Á þessu ári eru liðin 30 ár frá því að fyrsta húðvara Bláa Lónsins, Silica Mud Mask, kom fyrst á markað. Þess verður minnst með ýmsum hætti allt árið. Fyrirtækið er stolt af þeim árangri sem náðst hefur og hlakkar til að halda áfram að vaxa og þróast á komandi árum en húðvörur Blue Lagoon Skincare eru nú seldar víða erlendis, en ennþá mest til erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim. Þar liggja enn ónýtt tækifæri sem nú er unnið við að nýta enn betur.

Eins og komið hefur fram á ársfundum félagsins síðastliðin þrjú til fjögur ár hefur verið horft til þess að skrá Bláa Lónið á markað. Jafnframt hefur ávallt komið fram að endanleg ákvörðun muni ráðast af markaðsaðstæðum. Af augljósum ástæðum varð ekkert af skráningu í fyrra. Tíminn hefur þó verið vel nýttur og hefur skipulag verið aðlagað, reikningsskilastaðallinn IFRS tekinn upp og vinna við skráningarlýsingu komin vel á veg. Félagið er því vel í stakk búið til skráningar þegar og ef til þess kemur.

Aldrei er of oft minnst á það að ferðaþjónustan gegnir lykilhlutverki í verðmætasköpun landsins. Mikilvægt er að ráðamenn þjóðarinnar hafi það í huga þegar þeir fjalla um málefni atvinnulífsins á Íslandi. Þær umræður einkennast því miður allt of oft af því hvernig unnt er að skattleggja atvinnuvegina enn frekar. Nær væri að tryggja viðunandi umgjörð til frekari vaxtar með tryggu samtali og samstarfi við greinina og í línu við ferðamálastefnu stjórnvalda sem samþykkt var á Alþingi í júní 2024. Það eru bæði gömul sannindi og ný að öflugur rekstur fyrirtækjanna í landinu er undirstaða velmegunar þjóðar.

Blikur eru á lofti hvað varðar þróun ferðaþjónustunnar á heimsvísu, en það stefnir í að ferðamönnum til Íslands muni fækka á þessu ári vegna ytri ógnana og óvissuþátta. Bláa Lónið byggir þó á traustum grunni langtímahugsunar og viðbragðsþróttar og þar skiptir miklu hvernig stjórn og stjórnendur hafa stýrt rekstrinum með ábyrgum hætti, aðlagað hann og eflt. Nýjar rekstrareiningar víðs vegar um landið og þróun og sala húðvara gerir félagið enn betur í stakk búið til að takast á við sveiflur í rekstrarumhverfinu á hverjum tíma.

Ég vil fyrir hönd stjórnar félagsins færa forstjóra, stjórnendum og öðru starfsfólki Bláa Lónsins þakkir fyrir frábæra frammistöðu á liðnu starfsári. Það hefur verið magnað að fylgjast með þeirri miklu þrautseigju sem starfsfólkið hefur sýnt og þeim árangri sem það hefur náð við krefjandi aðstæður. Jafnframt þakka ég öðrum stjórnarmönnum í stjórn Bláa Lónsins ánægjulegt samstarf og góða samstöðu við krefjandi aðstæður.

Takk fyrir.



# Ávarp forstjóra



**Grímur Sæmundsen**
Forstjóri

Ágætu hluthafar.

Helsta verkefni stjórnenda félagsins á síðasta ári var að sigla farsællega í gegnum þær jarðhræringar sem staðið hafa yfir á Sundhnúksgígaröðinni síðan í nóvember 2023.

Nú um einu og hálfu ári síðar erum við reynslunni ríkari. Það sem upp úr stendur er þrautseigja, jákvæðni, sveigjanleiki og fagmennska alls okkar starfsfólks sem hefur staðið sem klettur með félaginu í gegnum fordæmalausar áskoranir og óvissu, sem mótaði rekstrarumhverfi þess á liðnu ári.

Bláa Lónið er í hópi stærstu vinnustaða landsins. Stjórn og stjórnendur félagsins tóku þá djörfu ákvörðun við upphaf jarðhræringanna að verja störf á meðan hamfarirnar gengju yfir. Um áramótin störfuðu 799 manns hjá félaginu af 42 þjóðernum samanborið við 795 árið á undan. Samhliða jarðhræringunum var haldið áfram að fjárfesta í mannauði félagsins enda er vel þjálfað og öflugt starfsfólk lykillinn að góðum árangri. Vikulegir upplýsingafundir stjórnenda og starfsfólks hafa í því efni reynst mjög mikilvægir þar sem upplýst hefur verið um stöðu mála hverju sinni. Vinnustaðagreiningar sýna að starfsfólk Bláa Lónsins er afar ánægt í starfi og hafa mælingar á starfsánægju haldist háar milli ára þrátt fyrir óvissu.

Á jarðhræringatímabilinu hefur fyrirtækið þurft að loka starfsstöðvum sínum í Svartsengi alls 15 sinnum í samtals 124 daga, þarf af í 71 dag á síðasta ári, og þurft að rýma átta sinnum. Viðbúnaðarstig Almannavarna breyttist ítrekað í tengslum við þróun jarðhræringanna og var Svartsengi á einhverju af viðbúnaðarstigunum þremur allt árið 2024. Við hverja opnun hefur starfsemin verið aðlöguð að nýjum veruleika og gestir fljótir að taka við sér og sækja okkur heim. Takmarkanir tengdar breyttum akstursleiðum vegna hraunrennslis og lokunarpósta voru ítrekað yfirstignar. Flæði hrauns yfir Grindavíkurveg, í fjórgang, hefur þó oftar en ekki verið mikil áskorun og ótal útfærslur nýttar við að koma gestum til Bláa Lónsins sem hefðu ekki verið framkvæmanlegar nema með nánu samstarfi og lausnarmiðaðri nálgun allra hlutaðeigandi: viðbragðsaðila, yfirvalda, starfsfólks og sérfræðinga.

Varnargarðarnir umhverfis athafnasvæði Bláa Lónsins og HS Orku í Svartsengi, sem reistir voru árið 2023 og aðlagaðir enn frekar á síðasta ári  og einnig á þessu ári, hafa sannað gildi sitt svo vægt sé til orða tekið. Hraun rann yfir bílastæði félagsins, sem var staðsett utan varnargarða, í nóvember sl. en aðeins nokkrum vikum síðar voru ný bráðabirgðabílastæði komin í gagnið, sem notuð verða þar til ný og varanleg bílastæði líta dagsins ljós innan varnargarða í júní nk. Að auki var net gasmæla sett upp á árinu á athafnasvæði Bláa Lónsins en beintengt við hússtjórnarkerfi og öryggisvaktstöð svo hægt sé að bregðast hratt og vel við allan sólarhringinn mælist loftgæði utan marka. Takmörkun á umferð um Grindavík hafði einnig víðtæk áhrif, meðal annars á vörugeymslur og þvottahús félagsins, en þau mál voru leyst eins og öll önnur. Lausnamiðuð hugsun í hvívetna!

Metnaðarfullar rýmingaráætlanir, þjálfun starfsmanna og upplýsingagjöf til gesta og endursöluaðila hafa verið leiðarstefin. Sama máli gegnir um undirbúning næturgesta hvað varðar mögulegan flutning á aðra gististaði komi til rýmingar. Mjög góðar og jákvæðar niðurstöður kannanna sem gestir í rýmingu tóku þátt í sýna og sanna mikilvægi væntingastýringar.

Vegna óvissu í tengslum við jarðhræringarnar var ekki ráðið í sumarstörf sl. sumar heldur lögðust starfsmenn á eitt um að láta reksturinn ganga upp.

Bláa Lónið er upplifunarfyrirtæki. Allar okkar fjárfestingar í gegnum árin hafa miðað að því að tryggja einstaka upplifun gesta okkar. Þrátt fyrir jarðhræringarnar var haldið áfram að byggja upp og bæta upplifun gesta í Svartsengi ásamt því að fjárfest var áfram í nýjum áfangastöðum um landið: í Kerlingarfjöllum, Hoffelli og í Þjórsárdal.

Grunnstoð og hjarta starfseminnar mun þó alltaf vera Bláa Lónið í Svartsengi, enda jarðsjórinn einstakur á heimsvísu og á sér enga hliðstæðu.

Hjá Blue Lagoon Skincare er nú lögð sérstök áhersla á að markaðssetja húðvörur til erlendra ferðamanna á Íslandi og halda áfram að fjárfesta í markaðssetningu á Bandaríkjamarkaði. Áherslan hefur verið á andlitsmaskana sem eru mikilvægur þáttur í upplifun hvers gests sem heimsækir Bláa Lónið auk  BL+ vörulínunnar sem kom fyrst á markað 2021.

Bláa Lónið hefur stutt við fjölmörg mannúðar- og samfélagsverkefni á undanförnum árum. Á síðasta ári var engin breyting þar á en áherslan var á nærsamfélagið eins og áður. Bláa Lónið lagði fjölmörgum verkefnum lið, samtals fyrir um 115 milljónir króna. Má þar nefna sérútbúinn björgunarsveitarbíl sem félagið afhenti björgunarsveitinni Þorbirni í Grindavík á árinu. Framlag björgunarsveitarinnar er okkur öllum í sveitarfélaginu ómetanlegt. Það var því afar ánægjulegt að geta stutt við mikilvæga starfsemi þeirra með þessum hætti.

Síðastliðin ár hefur Bláa Lónið lagt sitt af mörkum við að efla Reykjanes UNESCO Global Geopark sem er samstarfsverkefni Bláa Lónsins, Jarðvangsins og sveitarfélaganna fjögurra sem eru innan hans um uppbyggingu á svæðinu. Á síðasta ári lauk Bláa Lónið við að byggja upp og opnaði Þjónustumiðstöð við Reykjanesvita með það að markmiði að bæta þjónustu og upplýsingagjöf til þeirra er um svæðið ferðast.

Starfsemi Bláa Lónsins byggir á traustum grunni. Við horfum bjartsýn fram á veginn og munum halda áfram að efla starfsemi félagsins og leggja þannig okkar af mörkum til að stuðla að sterkri upplifun ferðamanna á Íslandi og sjálfbærum vexti. Við höfum mikilvægu hlutverki að gegna sem leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu hér á landi.

Starfsfólk Bláa Lónsins sigraði fordæmalausar áskoranir á liðnu ári með einstakri þrautseigju og samheldni. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllum þessum hópi  fyrir frábæra frammistöðu.



01

# Fyrirtækið



# Ár umbrota, þraut-seigju og úthalds

Jarðhræringar á Reykjanesskaga setja mark sitt á reksturinn.

Jarðhræringarnar á Reykjanesskaga sem hófust í október 2023 héldu áfram á árinu og höfðu töluverð áhrif á rekstur félagsins í Svartsengi á liðnu ári. Á myndinni hér til hliðar má sjá þá daga sem þau sex eldgos, sem hófust á árinu, vörðu á Sundhnúks-gígaröðinni á síðasta ári. Samtals stóðu þau yfir í 121 dag. Oftar en ekki rann hraun yfir Grindavíkurveg sem seinkaði enn opnun á Bláa Lóninu þó svo að eldgosin sjálf hefðu ekki endilega komið í veg fyrir að halda rekstri gangandi. Á þessu tímabili var Bláa Lónið því lokað í 71 dag og hótelin í 76 daga eða í um 20% af dögum ársins. Vegna jarðhræringanna var Svartsengi á ein-hverju af hinum þremur viðbúnaðarstigum Almannavarna, óvissustigi, hættustigi eða neyðarstigi, allt árið 2024. Samtals hefur Bláa Lónið verið lokað í 124 daga frá því að jarðhræringarnar hófust í lok árs 2023 og hótelin í 131 dag. Eins og sést á myndinni hefur tíminn á milli eldgosa á árinu verið að lengjast og þrýstingur minnkað verulega hvað varðar innflæði kviku í kvikuhólfið undir Svartsengi.

### Verkferlar og öryggi

Eins og áður hafa allir verkferlar í tengslum við öryggi og rýmingu verið rýndir reglulega til að tryggja viðeigandi viðbrögð hverju sinni. Regluleg þjálfun á sér stað og hefur starfsfólk öðlast mikla og dýrmæta reynslu og færni í að bregðast hratt og vel við. Skil-greindir hafa verið sérstakir rýmingarfull-trúar á öllum svæðum sem eru sérstaklega þjálfaðir til að bera ábyrgð á rýmingu hvers svæðis fyrir sig komi til rýmingar. Hefur það gefist vel.

Rýmingarnar sex, sem áttu sér stað á árinu í aðdraganda eldgosa, tókust allar mjög vel. Kannanir meðal þeirra gesta sem upplifðu rýmingar staðfesta það og hefur endurgjöf þeirra verið mikilvæg til að læra af hverjum atburði fyrir sig, greina umbætur og meta árangur.

**Ánægja gesta við rýmingu**






**Áhrif á umhverfi, mannauð og rekstur**
Áhrif hræringanna hafa verið mikil á rekstur Bláa Lónsins en beinn kostnaður félagsins vegna þeirra er áætlaður um 4,5-5 milljarðar króna á liðnu ári. Mun-ar þar mestu um tapaðar tekjur og laun starfsfólks á þeim tíma sem starfsstöðv-ar í Svartsengi voru lokaðar. Stjórn og stjórnendur félagsins tóku þá ákvörðun við upphaf jarðhræringanna að verja öll störf á meðan hamfarirnar gengju yfir enda mannauðurinn ein mesta auðlind félagsins.

Sérstakir varnargarðar hafa verið reistir, meðal annars umhverfis athafnasvæði Bláa Lónsins og HS Orku í Svartsengi. Þeir eru hannaðir til að varna mögulegu hraunflæði leið að mikilvægum innviðum. Hönnun þeirra og bygging sannaði gildi sitt á árinu þar sem hraun rann meðfram þeim norðan megin við Svartsengi. Bílastæði Bláa Lóns-ins sem var staðsett utan varnargarða fór undir hraun á haustmánuðum en á aðeins nokkrum vikum var nýtt stæði byggt upp sem notað verður tímabundið þar til nýtt og endurbætt bílaplan mun líta dagsins ljós innan varnargarða í júní nk.

Eins og áður hefur félagið kappkostað við að vinna með óvissunni eins og hægt er. Starfsemin í Svartsengi er samfélaginu ekki síður mikilvæg en um 800 manns starfa hjá félaginu. Með því að vinna vel með yfirvöldum, viðbragðsaðilum og öðrum sérfræðingum hefur verið hægt að opna starfstöðvarnar aftur hratt og örugglega eftir hvern atburð. Þannig er rekstrarflæðið tryggt eins og hægt er.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að tryggja öryggi gesta og starfsfólks áður en rekstur-inn er opnaður að nýju eftir atburð. Flæði hrauns yfir Grindavíkurveg hefur þó oftar en ekki verið mikil áskorun að leysa fyrir opnun. Um tíma voru gestir sóttir í rút-um að Seltjörn þar sem bílum var lagt. Á öðrum tíma var aðkoma Bláa Lónsins um Hafnir og Nesveg og á tíma voru gestir sótt-ir til Grindavíkur í litlum rútum og ekið að Bláa Lóninu. Þessar útfærslur hefðu ekki verið framkvæmanlegar nema með nánu samstarfi og lausnamiðaðri nálgun allra hlutaðeigandi: viðbragðsaðila, yfirvalda, starfsfólks og annarra sérfræðinga.

Á árinu 2024 var Svartsengi rýmt sjö sinn-um. Þar af voru fjögur skipti á opnunartíma dagreksturs. Rýmingarnar tóku almennt um 40 mínútur. Yfirvegun, þrautseigja og fagmennska hefur einkennt allt starfsfólk félagsins sem hafa staði í stafni á meðan á rýmingunum hefur staðið og á það sér-stakar þakkir skyldar fyrir ómetanlegt starf.

**Mikilvægi upplýsingagjafar**
Það hefur einnig sannað sig hversu mik-ilvægt það er, á hverjum tíma, að tryggja gott upplýsingaflæði bæði til gesta og





starfsfólks. Stjórnendur hafa átt vikulega fundi með Veðurstofunni sem hafa reynst félaginu dýrmætir til að rýna og skilja stöðuna á hverjum tíma og að koma upp-lýsingum áleiðs, sér í lagi þar sem upplýs-ingaóreiða í fjölmiðlum hefur oftar en ekki einkennt umfjallanir um stöðuna. Á meðan á eldgosi stendur hafa líka verið haldnir daglegir fundir með veðursérfræðingum til að rýna vel stöðuna frá degi til dags hvað varðar mögulega gasmengun frá eldstöðv-um og þróun hennar. Að auki hefur net gasmæla verið sett upp á athafnasvæði Bláa Lónsins sem eru beintengdir við hús-stjórnarkerfi og öryggisvaktstöð þess og því hægt að bregðast hratt og vel við allan sólarhringinn mælist gildi utan marka. Auk þessa eru fjölmargir stakir handmælar til taks hverju sinni.

Vikulegir upplýsingafundir eru haldnir með öllu starfsfólki um stöðu mála og hafa þeir mælst vel fyrir enda mikilvægt að geta speglað stöðuna og myndað sameiginlega sýn og upplýsingaflæði innan félagsins. Samtals hefur 71 slíkur fundur verið haldinn þegar þetta er skrifað. Á sama tíma er lagt mikið upp úr því að miðla vel upplýsingum til gesta bæði fyrir komu og við komu sem og til endursöluaðila. Þetta skiptir sköpum hvað varðar væntinga-stjórnun.

**Fjölmiðlaumfjallanir**
Óreiðan sem hefur einkennt náttúruna og umhleypingar hennar hafa einnig speglast í umfjöllunum um ástandið að einhverju leyti. Óvissan er hér stærsti áhrifavaldur-inn, bæði því að náttúran getur verið óútreiknanleg og vegna þess að sérfræði-áliti ber ekki alltaf saman. Áskorun Bláa Lónsins hefur því ekki síður verið fólgin í því að vinda ofan af upplýsingaóreiðu. Hún hefur á stundum fengið byr undir báða vængi í kjölfar fréttaflutnings erlendis sem hefur oftar en ekki verið ónákvæmur og jafnvel skaðlegur fyrir ímynd Íslands sem áfangastaðar. Því höfum við séð hversu mikilvægt er að fjölmiðlaumfjöllun sé unnin með ábyrgum hætti. Almenningur á Íslandi sem og ferðafólk utan úr heimi þarf að geta reitt sig á þær upplýsingar sem birtast á opinberum vettvangi, enda ferðaþjónusta ein stærsta útflutningsgrein landsins og því mikilvægt að standa vörð um þessa mikil-vægu lífæð landsins með ábyrgum hætti.

Ef teknar eru saman umfjallanir á tímabili jarðhræringa frá upphafi rýmingar í Grinda-vík til byrjun árs 2025 hafa umfjallanir um Bláa Lónið verið tæplega 2.000 talsins, þvert á miðla. Um helmingur þessara umfjallana eru hlutlausar og rúmlega 300 jákvæðar. Því mætti halda að upplifun og fréttaflutningur væri almennt jákvæður, eða þá hlutlaus, en neikvætt val á myndefni með fréttatengdu efni hefur áhrif á heildar-upplifun lesenda á fréttinni, sama hvert innihald hennar er. Með því móti hefur fréttaflutningur af jarðhræringum síðasta árs verið að mestu leiti og þannig haft áhrif á umræður og skoðun almennings.

> Það hefur sannað sig hversu mikilvægt það er að tryggja gott upplýsingaflæði bæði til gesta og starfsfólks.

# Verðlaun og viðurkenningar

Hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Bláa Lónið leggur ríka áherslu á að vera fremst í flokki á öllum sviðum starfsemi sinnar. Þau verðlaun og viðurkenningar sem fyrirtækið hefur hlotið á undanförnum árum eru mikilvæg hvatning til að viðhalda hæstu gæðastöðlum í starfi. Þannig gegnir Bláa Lónið áfram lykilhlutverki sem leiðandi afl innan íslenskrar ferðaþjónustu.

Þær fjölmörgu viðurkenningar sem fyrirtækið hlaut á síðasta ári hvetja okkur til áframhaldandi góðra verka, en meðal þeirra helstu voru:

### Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi

Bláa Lónið var heiðrað með Stjórnunarverðlaunum Stjórnvísi í flokki millistjórnenda. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi leiðtogahæfni stjórnenda en sérstök áhersla var lögð á mikilvægt framlag kvenna í stjórnunarhlutverkum. Síðasta ár reyndi verulega á, og hefur þrautseigja stjórnendanna verið til fyrirmyndar.

### Traveler's Choice Best of the Best

Bláa Lónið hlaut hin virtu verðlaun TripAdvisor, Traveler's Choice Best of the Best, en verðlaunin eru veitt því 1% áfangastaða sem þykir bjóða upp á bestu upplifunina að mati lesenda TripAdvisor um allan heim.

### Wine Spectator, Best of Award of Excellence

Árið 2024 hlaut Moss Restaurant viðurkenninguna Best of Award of Excellence fyrir framúrskarandi vínseðil staðarins í Wine Spectator Restaurant Awards. Þessi virta viðurkenning er veitt fremstu veitingastöðum heims fyrir framúrskarandi vínúrval.

### Michelin–stjarna

Árið 2024 hlaut veitingastaðurinn Moss á Retreat hótelinu við Bláa Lónið Michelin–stjörnu annað árið í röð. Moss hlaut sína fyrstu Michelin–stjörnu árið 2023, en það var í fyrsta sinn sem íslenskur hótelveitingastaður var heiðraður á slíkan hátt.

### World Spa Awards

Árið 2024 hlaut Retreat Spa titillinn Iceland's Best Hotel Spa. Þessi virta viðurkenning staðfesti þá framúrskarandi þjónustu, aðstöðu og einstöku upplifanir sem boðið er upp á í Retreat Spa og er staðfesting á því að Retreat Spa hefur markað sér sess sem leiðandi í vellíðan og slökun.

STJÓRNVÍSI

JAFNVÆGISVOG FKA 2024 VIÐURKENNING

WORLD SPA AWARDS WINNER 2024

## Brand, menning og gildi

UMHVERFISFYRIRTÆKI ATVINNULÍFSINS 2021

Certified B Corporation

MENNTAFYRIRTÆKI ÁRSINS

BESTA ÍSLENSKA VÖRUMERKIÐ 2023

ÁBYRG

## Ferða- og gistiþjónusta

lonely planet BEST IN TRAVEL 2019

Traveler Readers' Choice Awards 2019

Travelers' Choice Awards AFAR Winner 2018

Traveller Reader Awards 2019

SURFACE DESIGN AWARDS

AHEAD Awards for Hospitality Experience and Design

reddot design award

Skift Design Awards 2019

World Luxury Spa Awards Winner 2019

TATLER

TIME World's Greatest Places 2018

TOWN&COUNTRY

World's Best Awards 2019

2019 american spa Professional's Choice Awards

World's Best Awards 2022

Traveler Readers' Choice Awards 2023

2019 Organic Spa Media Wellness Travel Awards

Fodor's Travel Awards 2019

the knot

World's Finest Top 100 Suites 2022

2023 Women'sHealth Travel Awards

2021 Organic Spa Media Wellness Travel Awards

icelandic design award — 2019

## Hönnun og arkitektúr

awards winner

iF DESIGN AWARD 2020

DESIGN INDEX ADI

iGuzzini

GERMAN DESIGN AWARD 2021

Architecture Masterprize

# Vottanir

Með gæði og gagnsæi að leiðarljósi er Bláa Lónið leiðandi afl innan ferðaþjónustunnar á Íslandi.

Bláa Lónið og Bláa Lónið Heilsuvörur starfa undir stjórnkerfi sem vottað er samkvæmt alþjóðlegum stjórnunarstöðlum, ISO9001 hvað varðar gæðastjórnun, ISO14001 hvað varðar umhverfisstjórnun og ISO45001 hvað varðar heilsu- og öryggisstjórnun. Einnig uppfylla launakerfi allar kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Þessir staðlar tryggja gæði í framleiðslu og þjónustu, bæta heilbrigði og öryggi starfsfólks og gesta, stuðla að umhverfisvernd og hvetja til stöðugra úrbóta í öllum ferlum.

Árið 2023 fengu Bláa Lónið í Svartsengi og Bláa Lónið Heilsuvörur alþjóðlega gæðavottun B Corp. Vottunin er staðfesting á árangri fyrirtækisins í sjálfbærnimálum. B Corp fyrirtæki eru vottuð af B Lab, en þar eru kröfur gerðar um rafrænt mat og fundi til að hjálpa fyrirtækjum að setja sér markmið og ná frekari árangri í sjálfbærnimálum.

Einstök hráefni úr jarðsjó Bláa Lónsins hafa verið COSMOS vottuð frá 2020 af ECOCERT Greenlife, þar sem áhersla er lögð á hágæða og umhverfisvænar vörur. Velferð neytenda og náttúrunnar eru alltaf hafðar að leiðarljósi og eru allar helstu húðvörur Bláa Lónsins COSMOS NATURAL vottaðar, þar á meðal BL+ The Serum, BL+ Eye Serum og Hand Cream.

Síðan 2014 hefur Bláa Lónið verið með vottun fyrir þjónustu og gistingu í Svartsengi frá Vakanum, íslenskri vottun fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Bláa Lónið hefur viðhaldið Bláfánanum í meira en 20 ár. Hinn annálaði Bláfáni er ein þekktasta viðurkenning heims fyrir strendur, smábátahafnir og sjálfbæra ferðamennsku.

# Stjórnarhættir

Stjórn Bláa Lónsins hf. leggur ríka áherslu á að innleiða og viðhalda góðum stjórnarháttum.

Skýr hlutverk og ábyrgð gera stjórnendum auðveldara að rækja störf sín. Þannig er hagur hluthafa og annarra hagaðila treystur, innviðir fyrirtækjanna styrktir og samkeppnishæfni aukin. Stjórnarhættir félagsins eru samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Tvær undirnefndir stjórnar eru starfræktar innan Bláa Lónsins; endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.



# Eignarhald og skipurit

Breytingar voru gerðar á skipuriti í takt við aukið umfang starfseminnar.







**Skipurit**

Á árinu voru nokkrar breytingar gerðar á skipuriti félagins og þær kynntar starfsfólki. Þær breytingar skerpa enn frekar á sérstöðu hverrar rekstrareiningar sem og þjónustugæðum. Á sama tíma styðja breytingarnar vel við vöxt rekstrareininga sem ekki eru staðsettar í Svartsengi.

Breytingar voru gerðar á tveimur stoðsviðum. Sviðinu Mannauður, menning og öryggi var breytt í Mannauður, menning og vellíðan þegar öryggismálin voru færð á annað svið: Rannsóknir og þróun, gæði, sjálfbærni og öryggi. Það svið hét áður Rannsóknir og þróun, lækningalind, sjálfbærni og gæðamál. Lækningalindin starfar eftir sem áður í óbreyttri mynd innan sviðsins en breytingarnar eru liður í því að skerpa enn frekar á mikilvægi öryggis hjá félaginu í heild sinni, bæði hvað varðar gesti og starfsfólk.

**Eignarhald**

Á árinu 2024 urðu óverulegar breytingar á eignarhaldi samstæðunnar. Félagið jók þó við eignarhlut sinn í Kerlingarfjöllum um 13% og nam hlutur félagsins Íslenskar Heilsulindir því 99,3% í árslok. Á árinu var einnig stofnað sérstakt félag í Ungverjalandi, Blue Lagoon Hungary kft., til að styðja við hugbúnaðarþróun samstæðunnar í heild sinni.

## Stjórn Bláa Lónsins árið 2024



**Úlfar Steindórsson**
Stjórnarformaður



**Ágústa Johnson**
Stjórnarmaður



**Erla Ósk Ásgeirsdóttir**
Stjórnarmaður



**Jón Sigurðsson**
Stjórnarmaður



**Ragnar Guðmundsson**
Stjórnarmaður



**Steinar Helgason**
Stjórnarmaður



**Anna G. Sverrisdóttir**
Varamaður í stjórn

## Framkvæmdastjórn Bláa Lónsins árið 2024



**Grímur Sæmundsen**
Forstjóri



**Ása Brynjólfsdóttir**
R&Þ, gæði, sjálfbærni
og öryggi



**Helga Árnadóttir**
Sala, rekstur
og þjónusta



**Helgi Júlíusson**
Fjármál, viðhald og
innkaup



**Sigrún Halldórsdóttir**
Mannauður, menning
og vellíðan



**Sigurður Long**
IT og stafræn þróun



**Sigurður Þorsteinsson**
Brand, markaðsmál
og viðskiptaþróun



**Garðar Gíslason**
Lögmaður, situr fram-
kvæmdastjórnarfundi

# Leiðarljós og stefnur

Bláa Lónið fylgir vel mótuðu leiðarljósi sem undirstrikar skuldbindingu fyrirtækisins í víðu samhengi.

**People** wellbeing

**Social** wellbeing

**Environmental** wellbeing

**Economic** wellbeing

Leiðarljós Bláa Lónsins

*Wellbeing for people and planet*

Leiðarljós Bláa Lónsins kjarnar stefnu fyrirtækisins að sjálfbærri framtíð fyrir alla. Skýr áhersla er lögð á sjálfbærni í stefnumótun Bláa Lónsins, þar sem sjálfbærni stuðlar að aukinni skilvirkni, bættu skipulagi, skýrri markmiðasetningu og þar með velgengni félagsins, bæði fjárhagslega, samfélagslega og umhverfislega. Bláa Lónið stefnir að sjálfbærri framtíð fyrir alla, en leiðarljós félagsins er *wellbeing for people and planet*.

**Leiðarljós Bláa Lónsins byggir á fjórum stoðum sem allar eru jafn mikilvægar.**

- People wellbeing
- Social wellbeing
- Environmental wellbeing
- Economic wellbeing

Þessar stoðir undirstrika markmið félagsins um að hafa jákvæð áhrif með víðtækum hætti.

Stefnur Bláa Lónsins ná yfir fjölbreytta málaflokka sem tengjast rekstri og framtíðarsýn félagsins. Þeim er fylgt eftir með árlegri markmiðasetningu til að tryggja að félagið fylgi tilgangi sínum og framtíðarsýn með markvissum hætti.

**Á vef félagsins má finna eftirfarandi stefnur:**

- Meginstefna Bláa Lónsins
- Gæðastefna
- Heilsu- og öryggisstefna
- Umhverfisstefna
- Samfélagsstefna
- Mannauðsstefna
- Jafnlaunastefna
- Launastefna
- Stefna gegn áreitni, einelti og ofbeldi á vinnustaðnum

# Gildi Bláa Lónsins

Bláa Lónið starfar eftir fimm gildum sem saman miða að því að skapa einstaka upplifun fyrir gesti og hvetjandi fyrirtækjamenningu fyrir starfsfólk.

WE CREATE MEMORIES

**Einstakar minningar**
Hvern einasta dag sköpum við ógleymanlegar minningar sem gestir okkar frá öllum heimshornum taka með sér heim.

WE BRING JOY

**Gleði**
Við gleðjumst saman og gleðjum gesti okkar. Við skemmtum okkur saman í vinnunni og utan hennar.

WE CARE

**Umhyggja**
Vellíðan og öryggi gesta og starfsfólks skiptir okkur öllu máli. Okkur er annt um hvert annað og við kappkostum að skapa öruggan og heilbrigðan vinnustað.

WE INSPIRE

**Innblástur**
Með hugmyndaauðgi, teymisvinnu og nýsköpun að leiðarljósi göngum við ávallt skrefinu lengra í því að hvetja hvert annað áfram og að þjónusta gesti okkar sem best.

WE RESPECT

**Virðing**
Við berum virðingu fyrir umhverfi og einstakri náttúru. Við berum virðingu fyrir hvert öðru og mismunandi menningarheimum gesta og starfsfólks.

# Umfang á markaði

Bláa Lónið leggur áherslu á skynsamlega uppbyggingarstefnu til lengri tíma.

Á árinu hélt Bláa Lónið áfram vegferð sinni í uppbyggingu heilsutengdrar ferðaþjónustu víða um land, sér í lagi þar sem hvers konar baðupplifun er í forgrunni. Sérþekking og reynsla innan félagsins nýtist þar vel. Þá er Bláa Lónið hf. einning þátttakandi í uppbyggingu baðstaða á Norður- og Austurlandi í gegnum Íslenskar heilsulindir. Sumarið 2024 opnuðu Hálendisböðin í Kerlingarfjöllum, en þau voru síðasti áfanginn í uppbyggingu svæðisins. Sem fyrr eru einstök hönnun, þjónustugæði, sjálfbærni í rekstri og umhverfisvitund leiðarstefin í allri uppbyggingu á þessu viðkvæma svæði. Gott aðgengi gesta að svæðinu er tryggt um leið og virðing er borin fyrir einstakri náttúru og sagan varðveitt. Við þróunarverkefni sem þessi er gott samstarf við nærsamfélög, stjórnvöld og viðeigandi stofnanir afar mikilvægt og ber að þakka.

Áfram var unnið að undirbúningi vegna uppbyggingar ferðaþjónustu í Þjórsárdal á árinu. Þar verður um að ræða baðstað og 41 herbergis hótel sem svipa mun til The Retreat hvað varðar þjónustu og framboð. Áætlað er að opna Fjallaböðin snemma árs 2028.

Samhliða þessu hefur verið unnið að undirbúningi Gestastofu Þjórsárdals sem verður staðsett í mynni dalsins. Í Gestastofunni verður móttaka fyrir Fjallaböðin, upplýsingamiðstöð, sýningarhald um Þjórsárdal og veitingaþjónusta. Í skóginum umhverfis Gestastofuna verður byggt nýtt tjaldsvæði og allt að 40 smáhýsi. Jarðvegsframkvæmdir hefjast árið 2024 en áætlað er að opna Gestastofuna og tengd mannvirki vorið 2028.

Á árinu 2023 keypti félagið Hrauneyjar á Sprengisandi en þar er í boði fjölbreytt gisting og veitingaþjónusta allt árið um kring. Verkefnið tengist náið uppbyggingu í Þjórsárdal og afþreyingarmöguleikum fyrir ferðamenn á svæðinu. Til að þjónusta öll þessi verkefni og einnig rekstur í Kerlingarfjöllum reisti félagið 1.000 fermetra þjónustuhús í Árnesi. Þar verður rekið þvottahús, geymslur og miðlægur lager fyrir rekstur á svæðinu. Einnig er undirbúningur fyrir verkefni félagsins að Hoffelli í Hornafirði vel á veg kominn en áætlað er að uppbygging þar verði ein sú umhverfisvænsta sem framkvæmd hefur verið á Íslandi.

Hver baðstaður fyrir sig hefur sína sérstöðu. Hjarta starfseminnar mun þó ávallt vera Bláa Lónið í Svartsengi, enda er jarðsjórinn einstakur á heimsvísu. Hið virta tímarit National Geographic útnefndi jarðsjó Bláa Lónsins eitt af 25 undrum veraldar árið 2012 en innihaldsefni, uppruni og lækningamáttur vatnsins í lóninu eiga sér enga hliðstæðu í heiminum.

Þrátt fyrir mikla uppbyggingu og langtímahugsun sem höfð er að leiðarljósi í öllum þróunarverkefnum er því ekki að neita að tímabil jarðhræringa hefur haft töluverð áhrif á fyrirtækið, en ekki síður á brandið Bláa Lónið. Hafa ber hugfast að Blue Lagoon Iceland er án efa eitt þekktasta íslenska brandið og því mikil verðmæti fólgin í því. Óstöðugleikinn, sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur jarðhræringatímabilsins, og sú upplýsingaóreiða sem var í upphafi þess hefur kallað á endurskoðun á áætlunum félagsins hvað varðar markaðssetningu Bláa Lónsins til að efla hana bæði á heimamarkaði og erlendis. Sú vinna hófst á fjórða ársfjórðungi 2024 og nær einnig til PR-mála. Með áherslu á öryggi gesta og starfsfólks sem og einstaka náttúru og jarðfræði svæðisins mun brandið koma enn sterkara út úr tímabili óvissu og vendinga og er vinnan við þá eflingu þegar hafin. Félagið nýtti einnig þau tækifæri sem sköpuðust vegna lokana og hóf endurbætur á upplifunarsvæðum Bláa Lónsins.

> Blue Lagoon Iceland er án efa eitt þekktasta íslenska brandið og því mikil verðmæti fólgin í því.

☆ Í rekstri
◇ Í uppbyggingu

● Rekstraraðili
● Hluteigandi






# Blue Lagoon Spa

## Áhersla var lögð á nýsköpun og nýbreytni þrátt fyrir áskoranir vegna jarðhræringa.

Á árinu var nýrri tegund pakka við kaup á aðgangi í Bláa Lónið bætt við, Signature. Í honum er húðvörugjöf bætt við Premium–aðganginn sem hefur verið við lýði lengi. Markmiðið með nýja pakkanum er að tengja betur saman upplifun gestsins í Bláa Lóninu og þær einstöku húðvörur sem byggja á eiginleikum jarðsjávarins. Signature pakkinn hefur mælst vel fyrir og má búast við frekari þróun í þessum efnum á komandi misserum.

Einstök miðnæturopnun var haldin dagana 20. og 21. júní. Þá var boðið upp á viðburði eins og hljóðheilun, gong-tóna sem og samflot fyrir þá sem vildu. Mæltist viðburðurinn mjög vel fyrir hjá gestum og starfsfólki.

Sumaropnun Bláa Lónsins var þremur vikum styttri en sumrin á undan og opnunartími skemmri sem nam einni klukkustund á degi hverjum. Með þessu sem og samhentu átaki allra starfsmanna var unnt að komast í gegnum sumarið án sérstakra sumarráðninga en óvissan vegna jarðhræringanna gerði það að verkum að talið var óráðlegt að halda uppteknum hætti. Starfsfólk frá skrifstofum Svartsengis og Urriðaholts aðstoðuðu framlínu og lögðust allir á eitt til að þjónusta gesti okkar eins og best verður á kosið.

### Framkvæmdir

Starfsfólk úr rekstri lagði sitt af mörkum við hönnun á nýju móttökuhúsi sem til stóð að reisa við bílastæði utan varnargarða. Framkvæmdir voru hafnar á grunni þess þegar hraun rann meðfram varnargarði og yfir bílastæðið. Við það breyttust áformin og hafist var handa við hönnun á nýju bílastæði og móttökuhúsi innan garða.










Starfsmenn hjálpuðust að, allir sem einn, við að stýra umferð gesta frá Grindavík til Svartengis á meðan verið var að útbúa nýtt tímabundið bílastæði. Eftir að það opnaði þurfti að stýra umferð um stæðið til að besta nýtingu þess og aðstoða gesti að byggingum en ný aðkomuleið var nýtt meðfram köldum lónum í stað þess að ganga að byggingunni í gegnum gjána eins og gert var þegar gamla bílastæðið var og hét.

Hafist var handa við að bæta upplifunarsvæði gesta Bláa Lónsins við Bláa Lónið sjálft. Áætlað er að það muni opna í byrjun apríl. Markmiðið með því er að bæta enn frekar upplifun gesta okkar og alls þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Gestir og starfsfólk hafa sýnt framkvæmdunum mikinn skilning en nokkuð rask var á svæðinu á árinu vegna þessa.

Endurnýjun á öllum klefum í Bláa Lóninu hófst á fyrri hluta ársins 2024. Um er að ræða flókna en á sama tíma mikilvæga endurbót sem áætlað er að ljúki í maí næstkomandi. Verkinu hefur verið áfangaskipt en á sama tíma hefur framboð seldra klefa verið tekið niður í takt við hvern framkvæmdafasa. Framkvæmdir lágu þó niðri yfir sumarmánuðina. Að meðaltali var framboð klefa tekið niður um 15% frá 28. október til 20. desember.

### Þvottahús

Vegna takmörkunar á umferð um Grindavík, þar sem þvottahús félagsins er staðsett, var þvottahúsinu skipt upp þannig að hluti starfseminnar var fluttur til Svartsengis. Með þessu var tryggður lágmarksþvottur innan varnargarða á þeim tíma sem lokað var á almenna umferð til Grindavíkur. Á sama tíma var samið við þvottahús bæði í Reykjavík og í Keflavík til að anna þvottaálagi. Þvottur hefur því bæði verið þveginn í Grindavík og í Bláa Lóninu um margra mánaða skeið. Það má því segja að starfsmenn í þvottahúsi vinni þrekvirki á degi hverjum til að láta enda ná saman við flóknar aðstæður.

> Allt er þetta gert með það að markmiði að bæta enn frekar upplifun og þjónustu við gesti og starfsfólk.

**Blue Café**
Premium–aðgangi í Bláa Lónið var breytt örlítið á árinu til að auka enn þjónustu við gesti. Drykki var nú hægt að nálgast á Blue Café rétt eins og áður í lóninu sjálfu og á veitingastaðnum Lava. Mæltist nýbreytnin vel fyrir hjá gestum en á sama tíma jók hún bæði flæðið í gegnum kaffihúsið og veltu þess.

**Silica Hotel**
Í lok árs var ráðist í miklar endurbætur á öllum herbergjum hótelsins. Húsgögn og innréttingar voru uppfærðar, veggir og gólf tekin í gegn, baðherbergjum breytt og heildarútlit herbergjanna uppfært og þau gerð hlýlegri. Breytingarnar hafa mælst mjög vel fyrir meðal gesta og bætt heildarupplifun þeirra. Vegna endurbótanna var hótelinu lokað frá 21. nóvember til og með 17. desember.








**Veitingastaðurinn Lava**
Jarðhræringar á árinu höfðu töluverð áhrif á rekstur veitingastaðarins Lava. Framboð tveggja rétta matseðla var aukið í stað þriggja rétta sem mæltist vel fyrir. Frekari þróun á matseðli hefur verið nokkur og hafa gestir t.a.m. sýnt kavíar á matseðli mikinn áhuga.

**Gæðagöngur**
Á árinu var hafist handa við mánaðarlegar gæðagöngur um allar rekstrareiningar í Svartsengi. Yfirmenn hverrar einingar ásamt viðhaldsdeild og stílista ganga þá saman um allt svæðið og rýna með það að markmiði að tryggja tímanlegar uppfærslur, ásýnd og viðhald. Allt er þetta gert með það að markmiði að bæta enn frekar upplifun og þjónustu við gesti og starfsfólk.





**Umfjöllun og viðurkenningar**
Bláa Lónið hlaut viðamikla umfjöllun í alþjóðlegum vef- og prentmiðlum árið 2024.

Báa Lónið tók á móti yfir 100 blaðamönnum og 951 erlendar umfjallanir birtust um fyrirtækið sem fengu yfir 71,2 milljarða flettinga. Undanskilið í þessum tölum eru þær greinar sem birtust um jarðhræringar og Bláa Lónið en slíkar umfjallanir settu svip sinn á síðasta ár. Lögð var áhersla á gæðatengdar umfjallanir á viðurkenndum miðlum í samvinnu við sérvalið blaða- og fjölmiðlafólk. Flestar umfjallanirnar voru á Bandaríkjamarkaði, eða alls 544. Bretland var næst á lista með 175 umfjallanir og þar á eftir fylgdu Ástralía, Kanada og Þýskaland.

Á árinu hlutu Bláa Lónið og The Retreat fjölda verðlauna og erum við bæði auðmjúk og stolt af því að geta eftir sem áður veitt upplifun sem stendur ofar öðrum spa- og baðupplifunum á Íslandi. Bláa Lóns-svítan á The Retreat var t.a.m. á topplista Top 100 suites hjá ELITE Traveler, Country and Living valdi The Retreat sem eitt af bestu hótelunum á Íslandi og lesendur Travel+ Leisure nefndu The Retreat sem besta *Iceland resort* svo eitthvað sé nefnt.

ELITE SUITES TOP 100 2025

COUNTRY LIVING

# The Retreat

## Fagleg nálgun starfsfólks stendur upp úr á krefjandi tímum.

**Retreat Hotel**
Árið 2024 var krefjandi fyrir rekstur Retreat eininganna vegna tíðra jarðhræringa, rétt eins og fyrir aðrar rekstrareiningar félagsins í Svartsengi. Þó var eins og áður lögð megináhersla á að viðhalda gæðum þjónustu og ánægju gesta. Yfirveguð og fagleg nálgun starfsmanna skilaði sér í ánægju gesta þrátt fyrir krefjandi aðstæður á tíðum.

Innritunarferli gesta var endurskoðað, skráningarform voru stytt og einfölduð um leið og áhersla á frásagnir um svæðið og öryggisatriði var aukin.

Nýr bíll til þjónustu við gesti var tekinn í notkun til að auðvelda þjónustu og flutninga gesta á milli svæða en aðstæður og krefjandi umhverfi í tengslum við jarðhræringarnar kölluðu á nauðsyn þess.

Retreat Hotel leitar stöðugt nýrra og áhugaverðra leiða til að flétta séríslensk einkenni inn í dvöl gesta. Á árinu var ákveðið að bjóða gestum alfarið upp á íslenskar kræsingar seinnipartinn, lagt upp með að kynna og koma á framfæri íslenskum áfengistegundum og tryggt að í það minnsta 20% af þeirri tónlist sem spiluð







er í hljóðkerfum hótelsins sé íslensk. Hafa þessar breytingar mælst vel fyrir meðal gesta.

Til að draga úr plastnotkun var einnota inniskóm skipt út fyrir nýja tegund. Markmið þess var að draga úr einnota plastnotkun og bæta upplifun gesta.

Á sama tíma var innleidd ný þvottaþjónusta fyrir gesti sem tryggir skjótari og skilvirkari þjónustu. Hefur hún mælst vel fyrir.

Þá var bókasafnið tekið til endurskoðunar og breytt í fjölnota rými til að mæta þörfum gesta betur. Þar hefur aðstaða gesta til vinnu, lestrar og afþreyingar verið bætt til muna.

Retreat Hotel mun halda áfram að þróa þjónustu sína með áherslu á gæði og menningarlega tengingu, með það að markmiði að veita gestum eftirminnilega dvöl í einstakri náttúru Íslands.

**Retreat Spa**
Á árinu var fjárfest í nýjum tækjum fyrir andlitsmeðferðir og í framhaldinu var gestum boðið upp á fjölbreyttari meðferðir með húðvörur Blue Lagoon Skincare í forgrunni.

Á árinu var tekin ákvörðun um að bjóða gestum upp á þann möguleika að dvelja allan daginn í Retreat Spa en ekki aðeins hálfan daginn eins og áður hefur verið venjan. Með því gefst gestum tækifæri á að njóta í enn auknari mæli allrar þeirrar þjónustu sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Ný húsgögn voru tekin í notkun í Lava Cove og ásýndin uppfærð. Nú er einnig hægt að bóka þessa einkasvítu fyrir heilsdagsdvöl.

Tónlist í öllum slökunarrýmum var endurskoðuð og uppfærð til að skapa enn notalegri stemmningu.

Á sama tíma var úrval meðferða aukið og nú geta gestir einnig notið jógaleiðsagnar og/eða hugleiðslumeðferðar.

> Retreat Hotel leitar stöðugt nýrra og áhugaverðra leiða til að flétta séríslensk einkenni inn í dvöl gesta.

**Moss Restaurant**
Moss Restaurant hélt Michelin–stjörnu sinni frá fyrra ári enda hefur veitingastaðurinn lagt mikið upp úr einstakri og séríslenskri matargerð og úrvalsþjónustu.

Áhersla á einstaka vínupplifun skilaði sér í viðurkenningu frá Wine Spectator fyrir framúrskarandi vínseðil. Einnig fékk veitingastaðurinn Silfurstjörnu á árinu frá Star Wine List fyrir besta vínseðil með vínum frá Kaliforníu.

Á árinu var ný upplifun, Kitchen's Table, kynnt og prófuð. Þessi einstaka matarupplifun býður gestum að sitja við sérhannað borð og fylgjast með matreiðslumönnum útbúa og framreiða rétti. Áhersla er á persónulega og nána upplifun þar sem hágæðahráefni er í forgrunni, bæði í mat og drykk. Við munum halda áfram að þróa matseðilinn, vínpörunina og aðra þætti þjónustunnar með það að markmiði að bjóða gestum þessa upplifun á nýju ári.

Á Moss áttu sér stað einstakir viðburðir á heimsmælikvarða á árinu. Sérstaklega má nefna komu Screaming Eagle í apríl og komu Henriot og Dom Pérignon. Hlutu þessir viðburðir frábærar viðtökur. Í framhaldinu var Moss boðin innganga í hið virta Dom Pérignon Society. Gestir veitingastaðarins munu því í framtíðinni eflaust geta notið sjaldgæfra árganga Dom Pérignon kampavínsins sem erfitt verður að finna á öðrum stöðum.

Mismunandi vínupplifanir í einstökum vínkjallara Moss hafa skapað ógleymanlegar minningar gesta okkar. Hefur til að mynda kampavíns- og kavíarsmökkun mælst þar vel fyrir.







**Spa Restaurant**
Árið 2024 hélt Spa Restaurant áfram að bjóða gestum Retreat upp á ferska og heilsusamlega rétti í afslöppuðu umhverfi. Léttir réttir sem gestir geta notið fyrir heimsókn sína í heilsulindina, á meðan á henni stendur eða að henni lokinni eru enn í forgrunni. Gestir hafa eins möguleika á að snæða ýmist í sloppum eða venjulegum klæðnaði.

Nýtt bókunarkerfi var tekið upp á árinu. Með því hafa opnast möguleikar sem hafa tryggt bætt skipulag, utanumhald og þjónustu.

Eldhús veitingastaðarins framreiðir einnig morgunmat fyrir gesti Retreat Hotel og veitingar í Retreat Lounge. Á árinu 2024 voru matseðlar endurskoðaðir með áherslu á fjölbreytni, sér í lagi á þeim dögum sem Moss Restaurant er lokaður, þ.e. á mánudögum og þriðjudögum.

# Blue Lagoon Skincare

## Blue Lagoon Skincare sameinar náttúru og vísindi til að bæta húðheilsu.

Blue Lagoon Skincare húðvörurnar byggja á einstakri virkni jarðsjávar Bláa Lónsins á húðina. Upphafið má rekja til þess þegar fólk hóf að baða sig í Bláa Lóninu en böðun veitti vellíðan og reyndist góð fyrir húðina. Í kjölfarið fóru af stað miklar rannsóknir á eiginleikum jarðsjávarins. Sérstaða húðvaranna á markaði liggur í lífvirkum einkaleyfisvörðum innihaldsefnum jarðsjávarins, sem sýnt hefur verið fram á að styrkja húðina og vinna gegn öldrunareinkennum. Helstu styrkleika Blue Lagoon Skincare má rekja til náttúrunnar sem umlykur Bláa Lónið. Jafnframt hefur náttúran á Reykjanesskaga leitt af sér töluverðar áskoranir á árinu 2024. Jarðhræringar höfðu áhrif á verslun í Svartsengi og á aðfangakeðju félagsins. Þá má nefna að birgðaumsýsla færðist alfarið frá Grindavík.

### Framúrskarandi húðvörur, verðlaun og viðurkenningar

Fyrsta húðvaran, Silica Mud Mask, kom á markað 1995 og hefur verið vinsælasta varan frá upphafi. Í kjölfarið komu á markað þrír nýir andlitsmaskar sem allir byggja á lífvirkum innihaldsefnum jarðsjávarins. Árið 2024 hefur verið ár fjölda viðurkenninga fyrir andlitsmaskana. Mineral Mask hlaut Best of Beauty verðlaun Allure sem besti andlitsmaski ársins og var Silica Mud Mask á lista The Zoe Report yfir bestu húðvörur vetursins. Árið 2021 kom ný vörulína á markað sem byggir á BL+ COMPLEX, byltingarkenndu innihaldsefni sem nýtir einkaleyfi Bláa Lónsins á örþörungum og kísli. Í ár hlaut BL+ Eye Cream verðlaun sem besta augnkremið til þess að vinna á fínum línum frá New Beauty Magazine og BL+ Eye Serum var valin besta varan til að hafa í íþróttatöskunni af Shape Skin Award.






### 2021

**BL+ The Serum** hlaut Elle Green Beauty Star og einnig Sustainable Innovation Awards frá Good Housekeeping.

### 2022

**BL+ Eye Serum** var valin besta augnvaran gegn þreytu og þrota af NewBeauty Magazine og Best of Beauty frá Allure.

**BL+ The Cream** hlaut verðlaun sem besta húðvara ársins af Refinery29.

### 2023

**BL+ The Serum** var valið sem „Best Firming Serum“ af NewBeauty Magazine.

**Silica Mud Mask** var valinn besti andlitsmaski ársins af tímaritinu Esquire.

**Mineral Mask** var valinn besti andlitsmaskinn af tímaritinu Men´s Health.

### 2024

**Mineral Mask** hlaut Best of Beauty verðlaun Allure sem besti andlitsmaski ársins.

**Silica Mud Mask** var valin á lista The Zoe Report yfir bestu húðvörur vetursins.

**BL+ Eye Cream** fékk verðlaun fyrir besta augnkremið til þess að vinna á fínum línum af New Beauty Magazine.

**BL+ The Eye Serum** var valin besta varan til að hafa í íþróttatöskunni af Shape Skin Award.

Sjálfbærni er í forgrunni hjá Blue Lagoon Skincare og endurspeglast m.a. í umhverfisvænum vinnsluaðferðum og umbúðum sem eru endurvinnanlegar. Vörurnar eru B Corp vottaðar, sem staðfestir að fyrirtækið uppfyllir ströngustu kröfur um félagslega og umhverfislega ábyrgð. Afrakstur þessarar vinnu hefur aflað vörumerkinu fjölda viðurkenninga, t.a.m. frá hinu virta W Magazine sem valdi húðvörulínuna á lista yfir bestu hreinu húðvörurnar á markaðinum í dag.

Certified B Corporation






### Verslanir

Rekstur verslunar í Svartsengi var markaður af miklum áskorunum á árinu vegna jarðhræringa. Félagið rekur þrjár aðrar verslanir og mátti merkja aukningu á fjölda viðskiptavina sem lögðu þangað leið sína. Verslanir eru hannaðar og innréttaðar með það fyrir augum að tengja húðvörurnar við uppruna sinn – vatn Bláa Lónsins. Verslunin í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar var endurnýjuð á árinu. Hún er glæsileg viðbót við verslunarflóruna í flugstöðinni og býður upp á framúrskarandi vöruframboð. Í versluninni er húðvörubar þar sem gestir geta staldrað við og prófað vörurnar ásamt því að fá persónulega ráðgjöf. Endurnýjun hefur skilað sér í aukinni ánægju viðskiptavina og stefnir í metár frá upphafi.

Á árinu 2024 var farið í innleiðingu á nýju netverslunarkerfi sem hefur skilað sér í auknum þægindum fyrir viðskiptavini ásamt vexti í sölu og ánægjulegri upplifun.

Með aukinni dreifingu, meiri sýnileika og samstarfi við sérfræðinga hefur staða húðvaranna styrkst verulega. Áhersla hefur verið lögð á að styrkja stöðu húðvaranna á Bandaríkjamarkaði með frekari markaðssetningu, markaðsgreiningum og samvinnu við endursöluaðila.





# Kerlingarfjöll

## Hálendismiðstöðin í Kerlingarfjöllum hefur fest sig í sessi hjá innlendu og erlendu ferðafólki.

Kerlingarfjöll fögnuðu eins árs afmæli í sumar og þá lauk framkvæmdum endanlega þegar baðstaðurinn Hálendisböðin opnuðu við hótelið. Sumarið gekk frábærlega, þegar þúsundir gesta komu og upplifuðu áfangastaðinn.

Viðtökur ferðalanga hafa verið með eindæmum jákvæðar og ljóst að góður grundvöllur er fyrir áfangastað á hálendi Íslands. Sérstaklega er áhugavert að sjá hversu vel gestum líkar fjölbreytni í þjónustu. Mikil eftirspurn er eftir hágæðagistingu í Hamri–nýju hótelbyggingunni, en um leið er svefnpokagisting næstum uppseld yfir sumarið og 5-6000 manns gistu á tjaldsvæðinu. Allir þessir hópar ferðalanga heimsækja svo baðstaðinn og veitingastaðinn sem sló í gegn síðasta sumar með sínu víðfræga vöfflukaffi. Heilt yfir hefur verið mikil aukning í fjölda gesta á milli ára og er staðurinn að festast í sessi sem heilsársáfangastaður. Nýting gistingar hefur aukist um ríflega 30% á milli ára.

Það er mikilvægt að Kerlingarfjöll höfði til fjölbreyttra hópa ferðalanga, sem sýnir vel að innlendir og erlendir ferðalangar vilja að boðið sé uppá fjölbreytta þjónustu á hálendi Íslands.

Þá hafa fjölmörg námskeið og viðburðir verið haldin í Kerlingarfjöllum í ár. Brúðkaup, árshátíðir, heilsuhelgi, skíðanámskeið og þá voru mörg hundruð sem tóku þátt í Kerlingarfjöll ULTRA, hlaupahátíð sem haldin var í júlí. Boðið var upp á nokkrar vegalengdir en þau allra hörðustu hlupu hringinn um fjöllin, tæplega 60 km leið. Ljóst er að þessi hátíð er komin til að vera.

Árið 2024 náði Highland Base Kerlingarfjöll miklum árangri í fjölmiðlum á alþjóðavettvangi. Hótelið birtist á fjölmörgum „Best New Hotels" verðlaunalistum, þar á meðal hjá Travel + Leisure (US), Conde Nast Traveler (US + UK), AFAR (US), National Geographic Traveller (UK) og TIME (US). Hótelið var einnig til umfjöllunar í fjölmörgum greinum í virtum tímaritum og dagblöðum á lykilmörkuðum Kerlingarfjalla.

AFAR Best New Hotels 2024







Fjölbreytt afþreying er í boði fyrir gesti Kerlingarfjalla. Á veturna er boðið upp á snjósleðaferðir, gönguferðir og stjörnuskoðun og á kvöldin er svokallaður húslestur þegar gestir eru fræddir um merkilega sögu Kerlingarfjalla. Á sumrin er í boði gönguferð um nágrennið, heimsókn í Hveradali og rafhjólaferð um fjöllin svo eitthvað sé nefnt.

Nú í haust voru Kerlingarfjöll tilnefnd til Hönnunarverðlauna Íslands en í rökstuðningi dómnefndar segir: „Kerlingarfjöll Highland Base virkja möguleika sögufrægs útivistarsvæðis á spennandi hátt, með vel hannaðri aðstöðu og fjölbreyttri þjóustu og afþreyingu. Í Kerlingarfjöllum er nú heilsársáfangastaður á miðhálendi Íslands, í stórbrotinni en viðkvæmri náttúru. Algild hönnun er í fyrirrúmi og við allar framkvæmdir, allt frá frumdrögum að smíðshöggi, hefur verið tekið tillit til friðlýsingar og jarðminja á svæðinu.

Bókanir næsta árs líta mjög vel út og ljóst er að Kerlingarfjöll eru að festa sig í sessi sem áhugaverður áfangastaður fyrir fjölbreytta hópa ferðalanga, jafnt sumar sem vetur.

### Umfjallanir og viðurkenningar

Eftir öflugt fyrsta ár fór annað árið vel af



stað. Við tókum sérstaklega á móti 16 blaðamönnum og fjórum áhrifavöldum. Auk þess kom fjöldi áhrifa- valda á eigin vegum. Auk þess tókum við á móti hópum blaðamanna og áhrifavalda í samstarfi við þekkt fyrirtæki á Íslandi og erlendis.

Minnst var á Kerlingarfjöll 343 sinnum í erlendum miðlum á síðasta ári með 3,4 milljörðum flettinga. Flestar umfjallananna birtust í Bandaríkjunum eða um 234, en Bretland, Ástralía, Kanada og Þýskaland fylgdu þar á eftir. Líkt og á opnunarárinu tókum við einnig á móti innlendum blaðamönnum sem og innlendum og erlendum áhrifavöldum sem deildu upplifun sinni af heimsókninni. Þess má geta að þegar Kerlingarfjöll ULTRA hlaupið var haldið í fyrsta skipti á síðastliðnu ári tóku yfir 200 hlauparar þátt. Þátttakendur og aðstandendur voru dugleg að deila upplifun sinni á samfélagsmiðlum og fékk því áfangastaðurinn mikla umfjöllun á þeim miðlum um mitt sumar.

Kerlingarfjöll fengu enn fremur nokkuð af verðlaunum og viðurkenningum á sínu öðru starfsári og var hótelið útnefnt besta nýja hótelið af Travel + Leisure, AFAR valdi það sem besta hótelið 2024 og Time útnefndi Kerlingarfjöll sem einn af mögnuðustu stöðum veraldar.

# Hoffell

## Unnið er að undirbúningi víðtækrar uppbyggingar í faðmi jökla.

Mikil eftirspurn eftir gistingu og afþreyingu á suðausturhorni landsins sést vel í rekstri okkar í Hoffelli. Hluti af kaupum okkar á Hoffellslandinu felur í sér rekstur á um 20 herbergja gistiheimili ellefu mánuði á ári. Er svo komið að þúsundir gesta sækja heim heitu pottana að Hoffelli og nýting gistingar er í kringum 80% á ársgrundvelli.

Á árinu var endurbótum eldri aðstöðu í Hoffelli haldið áfram. Unnið hefur verið að umbótum á gistieiningum bæði að utan og innan og mun þeim framkvæmdum ljúka á vormánuðum. Þá er unnið að því að færa núverandi baðstað að gistiheimilinu og setja niður nýjar laugar, nýja búningsklefa og saunu. Mun upplifun gesta taka stakkaskiptum, en þeir munu að lokinni uppbyggingu geta horft inn Hoffellsdal og að Hoffellsjökli úr laugum. Áætlað er að ný aðstaða að Hoffelli opni í júní 2025.

Áfram hefur einnig verið unnið að undirbúningi víðtækrar uppbyggingar að Hoffelli og Hoffellslóni, þar sem ráðgert er að opna baðstað við jökullónið og auka framboð gistingar í Hoffellsdal. Þróunarvinnu hefur verið haldið áfram með alþjóðlega verkfræði- og hönnunarfyrirtækinu Arup og eins hófst ferli skipulagsmála á haustmánuðum. Mikilvægt samráð við stofnanir og heimamenn er hafið og einn mjög fjölmennur íbúafundur var haldinn að Höfn þar sem fyrirhuguð uppbygging var kynnt.



# Hrauneyjar

## Vaxandi eftirspurn er eftir gistingu við anddyri hálendisins.

Rekstur Hálendismiðstöðvarinnar í Hrauneyjum gekk vel á síðasta ári. Áfram hefur verið unnið að endurbótum á húsnæðinu. Meðal annars hefur hluti herbergja verið endurnýjaður og verulegar breytingar hafa verið gerðar á veitingasölum, móttöku og öllum sameiginlegum rýmum. Veggir voru málaðir, ný húsgögn keypt, skipt um gólfefni og móttakan betrumbætt. Þá var aðstaða starfsmanna bætt til mikilla muna.

Sala gistingar í Hrauneyjum er langmest á sumrin og frameftir hausti þegar ferðalangar komast inn í Landmannalaugar og yfir Sprengisand. Hrauneyjar eru hins vegar opnar allt árið og veita þannig mikilvæga þjónustu til ferðafólks um hálendi Íslands. Eftirspurn er sífellt vaxandi og Hrauneyjar njóta góðs af auknum framkvæmdum á svæðinu. Ljóst er að staðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu í Þjórsárdal. Þar munu verkamenn sækja þjónustu á framkvæmdatíma Rauðukamba í dalnum og svo hefur eftirspurn eftir gistingu og veitingum aukist mikið með auknum framkvæmdum Landsvirkjunar á vatnasvæði Þjórsár og Tungnár. Að sama skapi verða Hrauneyjar mikilvægur hluti af vöruframboði Þjórsárdalsins í heild þegar Fjallaböðin hefja starfsemi, bæði út frá auknum gistimöguleikum, en ekki síður á sviði afþreyingar og aðgengi að hálendinu.



# Þjórsárdalur

Bláa Lónið stendur fyrir heildaruppbyggingu á verðmætu menningarsvæði.

Undirbúningur að opnun Fjallabaða og Gestastofu í Þjórsárdal hefur gengið vel á árinu. Hönnun bygginganna,samstarfsverkerkefni Hönnunardeildar Bláa Lónsins, Basalt Arkitekta og Design Group Italia, hefur sömuleiðis gengið mjög vel.

Á árinu verður lokið við að bora vinnsluholur fyrir heitt og kalt vatn. Í vor var hafist handa við jarðvegsframkvæmdir og síðla sumars hófst svo vinna við vegagerð á milli Fjallabaðanna og Gestastofu Þjórsárdals.



Ráðgert er að allir gestir Fjallabaða leggi sínum bifreiðum við Gestastofuna og verði ekið á milli áfangastaðanna á bifreiðum Fjallabaðanna. Þá voru í sumar reistar vinnubúðir við Fjallaböðin sem hýst geta allt að 40 verkamenn. Allur undirbúningur verksins miðar að því að hefja uppsteypu Fjallabaðanna næsta vor og að opna starfsemina tveimur árum síðar, um mitt ár 2028.

Undirbúningur Gestastofunnar við Selhöfða í Þjórsárdal gengur að sama skapi mjög vel. Hönnun byggingarinnar lýkur um áramót og ráðgert er að hefja jarðvegsframkvæmdir vorið 2025 en Gestastofan mun opna á sama tíma og Fjallaböðin. Heimild er fyrir byggingu tjaldsvæðis og allt að 50 smáhýsa á svæðinu við Gestastofuna og er hönnun hvoru tveggja á lokastigi. Með hágæðahóteli við Fjallaböðin (Mountain Retreat), smáhýsum, tjaldsvæði og gistingu í Hrauneyjum hafa gestir Fjallabaðanna því fjölbreytta valkosti er kemur að gistingu á svæðinu. Í Gestastofunni verður móttaka Fjallabaðanna, veitingasala og kvikmyndasýning en tökur vegna hennar hófust síðasta sumar. Þá er verið að vinna að gagnvirkri upplýsinga- og fræðslusýningu um Þjórsárdalinn og næsta nágrenni hans í samstarfi við Gagarín. Sú sýning nýtir efni úr Sögu



Þjórsárdals—bók sem Fjallaböðin höfðu frumkvæði um að yrði rituð og kemur út samhliða opnun Fjallabaðanna.

Ráðgert er að allt að 200 manns muni starfa við Fjallaböðin og Gestastofuna og mun stór hluti þess þurfa húsnæði. Fjallaböðin eru að vinna að undirbúningi byggingu íbúðarhúsnæðis í Árnesi sem er næsti byggðarkjarni við Fjallaböðin. Á næsta ári mun einnig rísa í Árnesi miðlægt þjónustuhús sem hýsa mun þvottahús og geymslur fyrir starfsemi í Þjórsárdal, Hrauneyjum og Kerlingarfjöllum. Það hús mun einnig verða nýtt á byggingartíma Fjallabaðanna.



# 02 | Sjálfbærni



# Sjálfbærni

## Umhverfis- og samfélagsmál eru órjúfanlegur þáttur sjálfbærnivegferðar Bláa Lónsins.

Fyrirtækið hefur frá upphafi skuldbundið sig og axlað ábyrgð í umhverfis- og samfélagsmálum sem endurspeglast í sjálfbærnivegferð Bláa Lónsins. Mikilvægir áfangar og markmið fyrirtækisins vísa veginn í átt að aukinni sjálfbærni. Á þessu ári lagði Bláa Lónið ríka áherslu á að bera kennsl á lykilhagsmunaaðila hverrar rekstrareiningar til að öðlast betri skilning á fjölbreyttum sjónarmiðum og tryggja frekari þróun. Hagaðilagreining hefur verið unnin fyrir rekstur fyrirtækisins í Svartsengi og Blue Lagoon Skincare, en nýjar rekstrareiningar eru enn í þróun. Eftir umfangsmikla greiningu bar fyrirtækið kennsl á ýmsa þætti sem snúa að sjálfbærni og forgangsraðaði þeim eftir mikilvægi, bæði fyrir fyrirtækið og hagsmunaaðila. Einnig var ESG (umhverfislegir og félagslegir þættir og stjórnarhættir) áhættumat framkvæmt til að meta mögulegar áskoranir og tækifæri. Matið styður við heildstæða nálgun í sjálfbærum rekstri Bláa Lónsins. Gengið var lengra í endurskoðun og innleiðingu nýrra CSRD–krafna og ESRS–staðla í skýrslu ársins 2024 til að tryggja að skýrsla ársins 2025 verði í fullu samræmi við þær kröfur sem íslensk lög setja og tryggja að fyrirtækið verði vel undirbúið fyrir framtíðarkröfur samhliða frekari vexti félagsins.

### Áfangar og markmið

Í rekstri fyrirtækisins eru áfangar og markmið í ESG–málum mikilvægir mælikvarðar til að fylgja stefnu fyrirtækisins, meta framfarir og tryggja ábyrgð. Sjálfbærnimarkmið Bláa Lónsins styðja við reksturinn með langtímamarkmið ESG að leiðarljósi, hvetja til stöðugra umbóta og stuðla að gagnsæjum samskiptum við hagaðila.





| Stoðir og áhersluatriði | Markmið 2024 | Árangur 2024 |
|---|---|---|
| **(G) Sjálfbærniskýrsla**<br>· Samskipti<br>· Fylgni | -ESRS fylgni | -Samþætt ESRS kröfur í gagnasöfnun |
| **(G) Vottanir**<br>· ISO 9001/14001 /45001<br>· IST 85 Jafnlaunavottun<br>· B Corp<br>· Vakinn<br>· COSMOS by Ecocert<br>· Blue Flag | -Viðhalda vottunum og setja markmið til að bæta frammistöðu fyrirtækisins | -Öllum vottunum viðhaldið<br>-Rýna umbætur í B Corp<br>-Undirbúa fyrir Ecovadis |
| **(S) Hagaðilar**<br>· Greina<br>· Virkja<br>· Fræða | -Endurmeta hagaðila með innleiðingu nýrra rekstrareininga | -Hagaðilagreining fyrir Bláa Lónið Ísland og Blue Lagoon Skincare<br>-Hagaðilagreining fyrir Kerlingarfjöll hafin |
| **(S) Stuðningur við samfélagið**<br>· Meðferð við psoriasis<br>· Samfélagsstyrkir | -Innleiða samfélagssjóð fyrir allar rekstrareiningar Bláa Lónsins | -Vegna jarðhræringa var þessu frestað en styrkir voru úthlutaðir til samfélagsverkefna |
| **(E) Hringrásarhagkerfi**<br>· Sjálfbær innkaup<br>· Plastumbúðir | -Finna nýjar leiðir til að meta birgja | -Birgjamat með Ecovadis í skoðun og útfærslu<br>-Lágu plastspori í upplifun gesta viðhaldið þrátt fyrir fækkun gesta |
| **(E) Loftslagsbreytingar**<br>· Kolefnishlutleysi<br>· Minnka kolefnisfótspor | -Minna en 10 gr. plast á hvern gest | -1.35 kg CO2eq losun á hvern gest<br>-Markmið ekki náð vegna lokana og fækkun gesta |

| Stoðir og áhersluatriði | Markmið 2025 | Langtímamarkmið |
|---|---|---|
| **(G) Sjálfbærniskýrsla**<br>· Samskipti<br>· Fylgni | -Innleiða sjálfbærniskýrsluna í nýtt vefsvæði fyrirtækisins | Birta árlega sjálfbærniskýrslu til að miðla sjálfbærniaðferð Bláa Lónsins og gögnum í samræmi við alþjóðlegar kröfur |
| **(G) Vottanir**<br>· ISO 9001/14001 /45001<br>· IST 85 Jafnlaunavottun<br>· B Corp<br>· Vakinn<br>· COSMOS by Ecocert<br>· Blue Flag | -Viðhalda vottunum<br>-Innleiða B Corp markmið inn í aðgerðir<br>-Klára Ecovadis vottun | Öðlast viðeigandi vottanir þriðja aðila til að staðfesta árangur og frammistöðu Bláa Lónsins |
| **(S) Hagaðilar**<br>· Greina<br>· Virkja<br>· Fræða | -Klára hagaðilagreiningu fyrir Kerlingarfjöll<br>-Útfæra hagaðilagreiningu fyrir nýjar rekstrareiningar | Greina og virkja hóp hagaðila fyrir allar rekstrareiningar Bláa Lónsins |
| **(S) Stuðningur við samfélagið**<br>· Meðferð við psoriasis<br>· Samfélagsstyrkir | -Innleiða samfélagssjóð fyrir allar rekstrareiningar Bláa Lónsins | Viðhalda samfélagsstuðningi í gegnum fjárframlög og samfélagsþjónustu fyrir allar rekstrareiningar Bláa Lónsins |
| **(E) Hringrásarhagkerfi**<br>· Sjálfbær innkaup<br>· Plastumbúðir | -Nýta Ecovadis til að meta helstu birgja<br>-Viðhalda markmiði < 10 gr. á hvern gest | Lágmarka umhverfisfótspor Bláa Lónsins með stöðugum umbótum og hringrásarhugsun |
| **(E) Loftslagsbreytingar**<br>· Kolefnishlutleysi<br>· Minnka kolefnisfótspor | -1.2 kg CO2eq losun á hvern gest<br>-Innleiða langtímamarkmið til 2030 og 2040<br>-Vottaðar kolefniseiningar | Bláa Lónið í heild kolefnishlutlaust og einungis nýttar vottaðar kolefniseiningar |

**2024**
- Mat á stöðu Heimsmarkmiða
- Samþætta samfélagsskýrslu við ESRS-kröfur
- Uppfærsla á hagaðilamati

**2023**
- B Corp vottun

**2022**
- Hagaðilagreining

**2021**
- ISO 9001, ISO 14001, ISO 45001
- Vottað stjórnkerfi samkvæmt ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001

**2020**
- Lykilhráefni Blue Lagoon Skincare er COSMOS APPROVED
- Nýjar húðvörur fá COSMOS NATURAL vottun
- Samningur við Pure North um endurvinnslu á plasti

**2019**
- Sjálfbærniskýrslur útgefnar samkvæmt GRI staðli
- Byrjað að kolefnis-jafna rekstur
- Plastspor kortlagt og umbótaverkefni skilgreind til að draga úr plastnotkun

**2018**
- Jafnlaunakerfi Bláa Lónsins vottað samkvæmt ÍST 85:2012

**2017**
- ISO 9001
- Blue Lagoon Skincare fær ISO 9001 vottun

**2016**
- Umhverfisstjórnunarkerfi Bláa Lónsins skilgreint
- Psoriasismeðferðir án gjaldtöku til að styðja við nærsamfélagið

**2015**
- Vakinn – Gæða- og umhverfisvottun fyrir íslenska ferðaþjónustu

**2014**
- Félagi Festu

**2003**
- Bláfánaströnd fyrir örugga og heilnæma böðun

**1994**
- Boðið upp á psoriasismeðferðir

**1992**
- Bláa Lónið stofnað
- Visthringur jarð-sjávar skilgreindur

**Leiðin til sjálfbærni**

Ferðalag Bláa Lónsins í átt að sjálfbærni hefur einkennst af stöðugum framförum, nýsköpun og vilja fyrirtækisins til að gangast við þeirri ábyrgð sem fylgir ESG–mati. Með því að setja viðurkenndar vottanir í forgang hafa byggst upp innri ferlar og skipulagt stjórnunarkerfi. Vottuðum einingum er einnig ætlað til að upplýsa viðskiptavini um árangur fyrirtækisins.

## Kortlagning hagaðila











**2018**
Greining hagaðila fyrir Blue Lagoon Iceland

**2019**
Umbætur í upplifunar-ferlum starfsfólks, viðskiptavina og gesta (DX-verkefni)

**2020**
Áhersla á viðskiptavini og gesti á heima-markaði (CX-verkefni)

**2021**
Hagaðilagreining endurmetin fyrir Blue Lagoon Iceland

**2022**
Virkjun hagaðila Blue Lagoon Iceland

**2023**
Virkjun hagaðila Blue Lagoon Iceland

**2024**
Greining hagaðila Blue Lagoon Iceland, Blue Lagoon Skincare og Kerlingarfjalla

**2025**
Greining hagaðila fyrir höfuðstöðvar Bláa Lónsins

**2026**
Greining hagaðila fyrir nýjar rekstrareiningar, Hrauneyjar og Hótel Háland

**2027**
Greining hagaðila fyrir Hoffell

**2028**
Greining hagaðila fyrir Mountain Retreat og Fjallaböðin

**Lykilhagaðilar**
Á þessu ári framkvæmdi CSR–nefnd Bláa Lónsins hagsmunaaðilagreiningu fyrir Blue Lagoon Iceland í Svartsengi og Blue Lagoon Skincare, á meðan framkvæmdir héldu áfram í Highland Base í Kerlingarfjöllum og í höfuðstöðvum Bláa Lónsins í Urriðaholti. Þá er í vinnslu hagaðilagreining fyrir reksturinn í Kerlingarfjöllum og höfuðstöðvar í Urriðaholti. Áætlað er að samskonar mat fyrir Mountain Retreat, Hoffell, Hrauneyjar og Hótel Háland fari fram næstu ár og með frekari vexti félagsins. Öllum hagaðilum hefur verið skipt í vel skilgreinda hópa svo að tengsl þeirra við rekstrareiningar fyrirtækisins séu skýrar. Þetta er gert til að tryggja markvissa samvinnu og samræma sjálfbærnimarkmið fyrirtækisins.

| 2022-2024 |
|---|
| **Efnahagslegir þættir** |
| Efnahagsleg frammistaða<br>Óbein efnahagsleg áhrif á samfélagið<br>Innkaup í nærsamfélaginu<br>Jöfn samkeppni og gegn spillingu<br>Skattlagning |
| **Umhverfisþættir** |
| Draga úr notkun á einnota plasti<br>Innkaup og nýting auðlinda<br>Orkunýtni<br>Vatnsnotkun<br>Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika<br>Losun og loftslagsbreytingar<br>Endurvinnsla úrgangsefna<br>Umhverfismat birgja |
| **Samfélagsþættir** |
| Fyrirtækjamenning<br>Markaðssetning og merkingar<br>Heilsa og öryggi starfsfólks og gesta<br>Þjálfun og menntun<br>Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri<br>Mannréttindi<br>Samfélagsstyrkir<br>Félagslegt mat birgja<br>Félagafrelsi og kjarasamningafrelsi<br>Persónuvernd<br>Barnaþrælkun eða nauðungarvinna<br>Jafnræði |

## Mikilvægisgreining

Mikilvægisgreining er lykilhluti af ferlinu við að greina hvaða sjálfbærnimál skipta fyrirtæki og hagaðila þess mestu máli. Ferlið auðveldar forgangsröðun aðgerða og tryggir að auðlindir séu nýttar í þau verkefni eða svæði sem skila mestum árangri. Með því að samræma stefnu fyrirtækisins væntingum hagaðila eykur það gagnsæi, byggir upp traust og styður við sjálfbæran vöxt.

Bláa Lónið framkvæmdi mikilvægisgreiningu í samræmi við kröfur CSRD og hagaðilagreiningar sínar. Úr varð skráning á lykilatriðum sem stuðla að markvissri gagnaöflun og forgangsröðun aðgerða til að bregðast við þekktum áhrifum, áhættum og tækifærum. Árið 2024 var þessum atriðum bætt á kerfisbundinn hátt við áhættuskrá fyrirtækisins og ábyrgð þeirra úthlutað á meðal stjórnenda félagsins. Jafnframt var unnin gagnvirk skýrsla til að framkvæma yfirgripsmeiri og samþættari greiningu á áhrifum, áhættum og tækifærum.



Böðin í Keringarfjöllum

## ESG–áhættumat

Árið 2021 tók Bláa Lónið saman skrá yfir áhættur og tækifæri í samræmi við staðla ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001. Árið 2024 fór fyrirtækið í ítarlegt áhættumat á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (ESG) til að greina áhættur og tækifæri, og samræmdi við áherslur og kröfur CSRD og staðla ESRS.

Samkvæmt ESRS stöðlum var niðurstöðu matsins bætt við gildandi áhættu- og tækifæraskrá fyrirtækisins, og úr varð heildstætt skjal sem nær utan um öll hugsanleg áhrif, áhættur og tækifæri (IRO). Þessi samþætting tryggir heildstæðari og víðtækari nálgun við áhættustjórnun en áður og nær utan um alla þá sjálfbærniþætti sem tengjast rekstrareiningum Bláa Lónsins.

**Tvöföld mikilvægisgreining Bláa Lónsins nær yfir:**

**1. Efnisleg áhrif:**
Áhrif fyrirtækisins á samfélagið og umhverfið, sem metin hafa verið og útlistuð í sjálfbærniskýrslum frá og með 2020. Notast er við staðla GRI og hagaðilagreiningu.

### Tvöföld mikilvægisgreining–áhættustig




**2. Fjárhagsleg áhrif:**
Áhættur og tækifæri sem geta haft áhrif á fjárhagslega frammistöðu félagsins, rekstrarhagkvæmni, reglufylgni og stefnumarkmið. Þessi samþætta nálgun eykur hæfni Bláa Lónsins til að bregðast við ESG áskorunum á forvirkan hátt, efla verðmætasköpun og standa við skuldbindingar sínar varðandi sjálfbærni og væntingar hagaðila sinna.

### Mikilvægisgreining ESRS staðla





03

# Umhverfisleg áhrif

# Umhverfisleg áhrif

Fjölnýting auðlindastrauma í sátt við náttúru og samfélag er megináhersla Bláa Lónsins.

Sjálfbær nýting auðlinda og verndun umhverfis til að tryggja lífsgæði komandi kynslóða haldast í hendur við verðmætasköpun og sjálfbæra þróun Bláa Lónsins.

Bein tengsl manns og náttúru eru orðin sjaldgæf upplifun í annasömum hversdagsleika lífsins. Bláa Lónið skapar þessar tengingar með gæðaupplifun í faðmi einstakrar náttúru á Íslandi og með húðvörum um allan heim, sem innihalda náttúruleg efni svæðisins. Allt frá stofnun Bláa Lónsins hefur verið rík áhersla á fjölnýtingu auðlindastrauma og að draga úr sóun í rekstri félagsins. Visthringur jarðsjávar er einstakt dæmi um hvernig hægt er að fjölnýta auðlindastrauma á hagkvæman hátt í sátt við samfélag og náttúru. Umhverfisáhrif eru áhættumetin og vöktuð eftir mikilvægi í umhverfisstjórnunarkerfi félagsins til að lágmarka umhverfisspor þess á bæði nær- og fjærumhverfið. Í samræmi við umhverfisstjórnunarkerfinu stöðugt viðhaldið og það uppfært, auk þess sem það er vottað samkvæmt ISO 14001. Umhverfisáhrifavaldar eru kortlagðir og vaktaðir sérstaklega til að fylgjast með umhverfisspori félagsins. Markmið eru sett til að draga úr umhverfisáhrifum félagsins í samræmi við stefnu þess í umhverfis- og sjálfbærnimálum. Til að ná settum markmiðum eru umbótaverkefni skilgreind og innleidd í rekstrareiningar félagsins og fylgt eftir í stjórnkerfi þess.



## Niðurstöður markmiða

Á árinu 2024 var farið í mörg umbótaverkefni í umhverfismálum til að viðhalda umhverfisstjórnunarkerfinu og lágmarka umhverfisáhrif félagsins.

**Helstu áfangar sem náðust á árinu voru:**

- ☑ Haldið var áfram að safna stigum í vegvísi B Corp til að tryggja áframhaldandi árangur í sjálfbærnivegferð félagsins.
- ☑ Tvöföld mikilvægisgreining var framkvæmd og aðlöguð að rekstraráhættum félagsins. Áhættur úthlutaðar ábyrgðaraðilum og áhættuskráin framsett í Power BI skýrslu þannig að hún sé lifandi og ávallt aðgengileg.
- ☑ Kröfur ESRS samkvæmt CSRD voru innleiddar í gagnasöfnun fyrir sjálfbærniskýrslu félagsins og má finna í viðauka þessarar skýrslu.
- ☑ Fjárfest var í nýjum mælibúnaði til að fylgjast með loftgæðum bæði innandyra og utandyra á athafnarsvæði Bláa Lónsins í Svartsengi. Mælarnir mynda þétt net til að vakta loftgæði á svæðinu og mæla bæði brennisteinsvetni ($H_2S$) og brennisteinstvíoxíð ($SO_2$) og er vaktað allan sólarhringinn af öryggisvörðum fyrirtækisins.
- ☑ Umfang 3 var betur kortlagt í samræmi við Technical Guidance Greenhouse Gas Protocol. Unnið er í að finna viðeigandi kerfi sem getur tengst bókhaldskerfi félagsins til að ná utan um losun innkaupa félagsins með „spend method".
- ☑ Umhverfisbókhaldið var aðlagað enn frekar að nýjum rekstrareiningum.
- ☑ Byrjað var á að útfæra langtímaáætlun fyrir samdrátt í losun GHL og kolefnisjöfnun til framtíðar. Markmiðið er að aðlaga langtímamarkmiðið að skuldbindingum Íslands við Parísarsamninginn undir Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) og kaupa vottaðar kolefniseiningar.
- ☑ Hafist handa við að fá vottun Ecovadis.

Sum verkefni var ekki hægt að klára á árinu eins og lagt var upp með vegna jarðhræringa, eldgosa og lokana yfir árið. Þau verkefni sem enn eru talin vera umhverfislega mikilvæg fyrir félagið færast yfir á næsta ár.

## Áherslur 2025

**Í átt að kolefnishlutleysi**

- ☐ Innleiða nýja langtíma áætlun fyrir kolefnislosun félagsins
- ☐ Innleiða kerfi til að ná utanum umfang 3 í heild sinni
- ☐ Kaup á vottuðum kolefniseiningum

**Í átt að hringrásarhagkerfi**

- ☐ Halda áfram að draga úr myndun úrgangs og hækka endurvinnsluhlutfall
- ☐ Bæta flæðimælingu jarðsjávar til að besta útskipti

**Í átt að sjálfbærni**

- ☐ Skilgreina samfélagssjóð sem nær til allra rekstrareininga félagsins og nærsamfélaga þess
- ☐ Útfæra og innleiða siðareglur birgja
- ☐ Fara í fleiri umbótaverkefni í samræmi við vegvísi B Corp
- ☐ Klára vottun Ecovadis og nýta við mat á birgjum

Þessum áherslum verður fylgt eftir út árið og verður árangur í umhverfismálum metinn út frá þeim.

### Losun gróðurhúsalofttegunda




### Áhrif nýrra rekstrareininga á kolefnisfótspor




**Aðgerðir í loftslagsmálum**
Bláa Lónið leggur áherslu á umhverfisvæna upplifun í hönnun sinni með vellíðan og sjálfbærni að leiðarljósi.

Fyrirtækið hefur haldið utan um kolefnisbókhald sitt síðan 2015 og árið 2024 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá móðurfélagi Bláa Lónsins 1.476 tonn $CO_2$íg. Bláa Lónið leitar stöðugt nýrra leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sínum rekstri. Árið 2019 var gerður samningur við Kolvið varðandi plöntun trjáa til að kolefnisjafna rekstur fyrirtækisins, þar með talin losun vegna raforku, varmaorku, eldsneytisnotkunar, kælimiðla, gasnotkunar, losunar vegna úrgangs, flugferða starfsfólks, rútuferða starfsfólks og flutning á vörum félagsins frá vöruhúsum erlendis heim að dyrum viðskiptavina. Kolefnisjöfnun vegna rekstrarárs 2024 verður þó endurskoðuð m.t.t. þróunar á langtímamarkmiði félagsins í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur. Það er stefna félagsins að tryggja að dregið verði markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda og að kolefnisjöfnun fari fram með vottuðum einingum. Samdráttur var í losun árin 2020 og 2021 vegna rekstrarfyrirkomulags og lokana tengdum heimsfaraldrinum. Aukna losun gróðurhúsalofttegunda árið 2023 má fyrst og fremst rekja til fjölgunar rekstrareininga inn í kolefnisbókhaldið, með tilkomu Kerlingarfjalla, Hrauneyja, Hótel Hálands, Hoffells og framkvæmda í Þjórsárdal. Aukning í umfangi 2 árið 2023 má rekja til nýrra losunarstuðla frá Umhverfisstofnun. Sex eldgos og áframhaldandi jarðvirkni í Svartsengi ollu því að yfir árið 2024 var starfsemin lokuð um 20% ársins eða 71 dag í lóninu og 76 daga í hótelrekstri. Þetta hafði áhrif á rekstrartölur, sérstaklega hvað varðar veltu og gestafjölda, þar sem tóm hús þarf líka að kynda, viðhalda og sinna. Þessar rekstrartruflanir útskýra hækkun í losun á hvern gest og losun miðað við veltu.

**Nýtt upplifunarsvæði og nýr skógur**
46 hektara skógur í landi Skriðufells í Þjórsárdal var gróðursettur (um 122.000 tré) af Skógræktinni árið 2022, stutt frá uppbyggingu á nýju upplifunarsvæði, og mun skila af sér vottuðum kolefnisheimildum fyrir bæði framkvæmdir og rekstur í Þjórsárdal. Kolefnisheimildir skila sér á sama tíma og rekstur hefst þar. Áhersla er lögð á að lágmarka losun á framkvæmdatíma og upplifunarsvæði hönnuð til að losun frá rekstri verði sem lægst. Skógræktin valdi samsetningu trjátegunda svo skógurinn falli sem best að umhverfinu á svæðinu og styðji við fjölbreytileika gróðurs og dýralífs.

> Árið 2019 var gerður samningur við Kolvið varðandi plöntun trjáa til að kolefnisjafna rekstur fyrirtækisins.



**Raforkunotkun**




**Heitavatnsnotkun**




**Notkun á jarðsjó**




**Hringrásarhagkerfi**
Bláa Lónið leggur ríka áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda, sem er fyrirtækinu og samfélaginu til góða. Einkunnarorð félagsins eru þau sömu og Auðlindagarðsins sem það tilheyrir eða „samfélag án sóunar".

Auðlindagarðurinn er gott dæmi um fjölnýtingu auðlindastrauma, en þar eru auðlindir nýttar á skilvirkan hátt og sóun haldið í lágmarki. Úrgangsefni eru flokkuð og endurunnin á markvissan hátt til að skapa verðmæta auðlindastrauma fyrir aðra.

Mikill árangur hefur náðst hjá fyrirtækinu í hönnun hringrásarumbúða fyrir húðvörur úr umhverfisvænni hráefnum á borð við pappa, ál og gler í stað plasts. Allur pappír fyrirtækisins kemur nú frá ábyrgri skógrækt og er FSC vottaður.

Árið 2023 bauð Bláa Lónið á Íslandi upp á þá nýjung að hægt væri að kaupa áfyllingu á ýmsar húðvörur. Þetta var gert til að hvetja viðskiptavini til að endurnýta umbúðir og draga úr sóun. Árið 2024 buðu tvær verslanir Bláa Lónsins upp á áfyllingu á húðvörum, í Kringlunni og Laugavegi 15.

Úrvinnsla úrgangs hjá Bláa Lóninu er framkvæmd í samræmi við markmið fyrirtækisins um hringrásarhagkerfi. Úrgangur er flokkaður í 13 flokka og er endurvinnsluhlutfall fyrirtækisins á síðustu tveimur árum 60%.

Vegna tækniframfara í tölvukerfum hefur þörfin fyrir pappírsprentun minnkað um 73% á A4 blöðum síðan 2018. Fyrirtækið styður við sjálfbæra skógrækt og sýnir það í verki með því að nota aðeins pappír sem er PEFC eða FSC vottaður.

Bláa Lónið býður nú eingöngu upp á pappapoka eða fjölnota poka, en áhersla er lögð á að draga úr óþarfa úrgangi. Fjölnota bómullarpokar eru hannaðir til að vera fjölnýttir og með endingu í huga. Þetta hvetur viðskiptavini til að koma með sína eigin poka og nota þá oftar en einu sinni.

Fyrirtækið hefur einnig gripið til aðgerða til að draga verulega úr plastnotkun sinni en frá og með 2019 hefur Bláa Lónið dregið úr plastfótspori gesta sinna um 88%. Þessi árangur náðist m.a. með því að skipta út einnota vörum fyrir fjölnota, eins og glösum og sandölum á upplifunarsvæðum, ásamt því að innleiða umhverfisvænni umbúðir fyrir mat og húðvörur. Samdráttur í plastnotkun er hluti af umhverfisstefnu fyrirtækisins. Í stefnunni eru að finna skýr markmið og verkefni sem hönnuð eru til að útrýma einnota plastnotkun gesta.

Áhersla Bláa Lónsins á að lágmarka einnota plast í upplifun gesta og fjölnýting auðlindastrauma hefur styrkt stöðu þess sem leiðandi fyrirtæki í umhverfismálum innan ferðaþjónustu á Íslandi.

**Úrgangsmál Bláa Lónsins 2024**





04

# Samfélagsleg áhrif

# Mannauður

Hjá Bláa Lóninu starfar fjölbreyttur og samhentur hópur sem tekur virkan þátt í að móta vinnustaðinn.

**799**
Fjöldi starfsfólks 31.12.24

**42**
Þjóðerni

**35,2**
Meðalaldur starfsfólks

### Fólkið okkar

Hér starfa framsæknir og skapandi einstaklingar frá 42 mismunandi þjóðernum sem sameinast í því að skapa ógleymanlegar minningar fyrir gesti og hvert annað, með áherslu á nýsköpun í þjónustu, hönnun, upplifun og vöruþróun. Sjálfbærni er rauði þráðurinn í okkar starfi, þar sem við nýtum krafta náttúrunnar til að bjóða gestum upplifanir og vörur sem næra bæði líkama og sál. Ávallt er leitast við að þróa og rækta veröld Bláa Lónsins í sátt við umhverfi og samfélag svo dvöl gestanna sé sem eftirminnilegust. Allt starfsfólk tekur virkan þátt í að viðhalda og móta þá sterku menningu og samheldni sem einkennir Bláa Lóns fjölskylduna. Þannig er tekist á við áskoranir og árangri fagnað saman. Bláa Lónið er afar stolt af starfsfólki sínu, þeim metnaði, þrautseigju og áræðni sem það sýnir í starfi, og þeim einstaka starfsanda sem ríkir á vinnustaðnum.

Í ljósi áskorana sem fylgdu jarðhræringum og eldgosum á Reykjanesi á liðnu ári var lögð sérstök áhersla á andlega heilsu starfsfólks. Vinnustaðagreiningar voru framkvæmdar mánaðarlega og brugðist var við niðurstöðum með það að markmiði að styðja sem best við starfsfólk og stjórnendur, veita þeim réttar og haldbærar upplýsingar og auka möguleika þeirra á aðstoð eða úrræðum sem þeim kynni að vanta. Niðurstöður um starfsánægju, traust og stolt starfsfólks Bláa Lónsins héldust stöðugar yfir árið sem endurspeglar þá sterku vinnustaðamenningu sem starfsfólkið skapar saman og þær markvissu aðgerðir sem hafa verið unnar til að styðja við andlega og líkamlega vellíðan.

### Fjölbreytileiki og jöfnuður

Framúrskarandi þjónusta og frumkvæði næst þegar hæfileikar hvers og eins geta notið sín. Vinnustaðurinn skapar rými þannig að allir geti nýtt styrkleika sína og vinnur sífellt að því að koma í veg fyrir hvers konar mismunun með því að fagna fjölbreytileikanum og stuðla að jafnrétti. Í ráðningum er leitast við að jafna kynjahlutföll ásamt því að ráða hæfustu einstaklingana hverju sinni. Bláa Lónið fékk fyrst jafnlaunavottun 2018 og var eitt af fyrstu stórfyrirtækjum á Íslandi til þess að hljóta jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85. Fyrirtækið fór í gegnum sína sjöundu úttekt á jafnlaunakerfinu á árinu og stóðst hana með glæsibrag og án frávika. Niðurstaða launagreiningarinnar var sú að kynbundinn launamunur hjá Bláa Lóninu er 1,1% karlmönnum í vil. Skýringarhlutfallið var 95,0% sem gefur til kynna að þær breytur sem lagðar eru til grundvallar við launaákvarðanir skýri raunverulega launamyndun í fyrirtækinu.

Á árinu hlotnaðist Bláa Lóninu sá heiður að taka á móti viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar. Verkefni Jafnvægisvogarinnar snúa að því að virkja íslenskt viðskiptalíf til að verða að fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir. Árlega veitir Jafnvægisvogin fyrirtækjum sem hafa náð markmiðum um jöfn tækifæri kynjanna viðurkenningar. Félagið er yfirmáta stolt af þessari viðurkenningu sem það hlýtur nú þriðja árið í röð. Jafnvægisvogin er ekki eingöngu staðfesting góðra verka heldur er hún einnig kraftmikil áminning um mikilvægi jafnra tækifæra. Hún hvetur fyrirtækið allt áfram til að halda fast í skuldbindingu sína um að stuðla að vinnustað þar sem öll hafa jöfn tækifæri til að blómstra.

### Þjálfun og fræðsla

Árið 2024 minntu náttúruöflin okkur á mikilvægi þess að búa starfsfólk undir ófyrirséðar aðstæður. Þjálfun og fræðsla voru aðlöguð til að mæta nýjum áskorunum í takt við gildi og tilgang Bláa Lónsins sem leggja grunninn að öllum aðgerðum fyrirtækisins. Boðið var upp á upplýsandi fyrirlestra og fundi um jarðhræringar með aðstoð sérfræðinga sem og námskeið um



JAFNLAUNAVOTTUN
2025 - 2028

JAFNVÆGISVOG
FKA 2024
VIÐURKENNING

Moodup
Excellent workplace
2024

notkun gasmæla til að efla öryggi og traust starfsfólks. Lögð var áhersla á andlega vellíðan og haldin voru námskeið um leiðir til að takast á við óvissu, bæta svefn og setja mörk í samskiptum. Þessi námskeið voru í boði bæði sem staðkennsla og á rafrænu formi til að mæta fjölbreyttum þörfum starfsfólks. Áfram var lögð áhersla á símenntun starfsfólks til að viðhalda og uppfæra þekkingu, auka færni, styðja við vöxt þess og stuðla þannig að áframhaldandi framþróun. Fjöldi tíma í fræðslu voru alls 4.420, námskeið voru 164 og 1.840 skráningar í staðkennslu og rafrænni fræðslu. Öryggi er ávallt í forgangi. Því fá allir nýliðar öryggisfræðslu við upphaf starfs. Að auki er skyndihjálparnámskeið skylda fyrir allt starfsfólk. Lokanir voru nýttar til að efla hæfni starfsfólks með krossþjálfun og vinnustofum til að styrkja bæði einstaklinga og teymi. Bláa Lónið leggur áherslu á að byggja upp öfluga leiðtoga og skiptir leiðtogaþjálfun sköpum þegar kemur að því að efla ýmsa hæfni stjórnenda. Öll þrep stjórnenda tóku þátt í þjálfuninni. Náttúran kennir okkur að vera undirbúin, sveigjanleg og samheldin. Með fræðslu og þjálfun höldum við áfram að styrkja okkar fólk í samspili manns og náttúru, sem er grunngildi Bláa Lónsins.

**4.420**
Fjöldi tíma í fræðslu

**164**
Fjöldi námskeiða

**1.840**
Skráningar









### Heilsa og vellíðan

Árið 2024 var starfsfólki tveggja nýrra rekstrareininga, 6 frá Hrauneyjum og 2 frá Hoffelli, bætt við starfsmannaskrá Bláa Lónsins h.f. Tölur þessar verða teknar með í greiningu samfélagsskýrslu rekstrarársins 2025. Enn fremur var einn starfsmaður skráður starfandi hjá tveimur fyrirtækjum í desember 2024.

## S1-9 Fjölbreytileiki

| Samsetning starfsfólks 2024 | Heildarfjöldi starfsfólks | Heildarfjöldi kvenna | Heildarfjöldi karlmanna | Hlutfall kvenna | Hlutfall karlmanna |
|---|---|---|---|---|---|
| Allt starfsfólk | 799 | 452 | 347 | 57% | 43% |
| Aðrir | 405 | 246 | 159 | 61% | 39% |
| Vakt- og verkstjórar | 74 | 49 | 25 | 66% | 34% |
| Tæknimenn og sérhæft starfsfólk | 183 | 73 | 110 | 40% | 60% |
| Sérfræðingar | 91 | 61 | 30 | 67% | 33% |
| Deildarstjórar | 19 | 12 | 7 | 63% | 37% |
| Forstöðumenn | 20 | 7 | 13 | 35% | 65% |
| Framkvæmdastjórar | 7 | 4 | 3 | 57% | 43% |

Tölur samkvæmt starfsmannafjölda 31.12.2024.

| Samsetning starfsfólks 2024 | Heildarfjöldi starfsfólks | Heildarfjöldi 30 ára og yngri | Heildarfjöldi á aldrinum 30-50 ára | Heildarfjöldi 50 ára og eldri | Hlutfall 30 ára og yngri | Hlutfall 30-50 ára | Hlutfall 50 ára og eldri |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allt starfsfólk | 799 | 301 | 395 | 103 | 38% | 49% | 13% |
| Aðrir | 405 | 197 | 164 | 44 | 49% | 40% | 11% |
| Vakt- og verkstjórar | 74 | 21 | 49 | 4 | 28% | 66% | 5% |
| Tæknimenn og sérhæft starfsfólk | 183 | 74 | 85 | 24 | 40% | 46% | 13% |
| Sérfræðingar | 91 | 9 | 70 | 12 | 10% | 77% | 13% |
| Deildarstjórar | 19 | 0 | 13 | 6 | 0% | 68% | 32% |
| Forstöðumenn | 20 | 1 | 11 | 8 | 5% | 55% | 40% |
| Framkvæmdastjórar | 7 | 0 | 2 | 5 | 0% | 29% | 71% |

Tölur samkvæmt starfsmannafjölda 31.12.2024.

| Samsetning starfsfólks 2024 | Heildarfjöldi starfsfólks | Fjöldi Íslendinga* | Fjöldi af öðrum uppruna | Hlutfall Íslendinga* | Hlutfall fólks af öðrum uppruna |
|---|---|---|---|---|---|
| Allt starfsfólk | 799 | 401 | 398 | 50% | 50% |
| Aðrir | 405 | 140 | 265 | 35% | 65% |
| Vakt- og verkstjórar | 74 | 33 | 41 | 45% | 55% |
| Tæknimenn og sérhæft starfsfólk | 183 | 93 | 90 | 51% | 49% |
| Sérfræðingar | 91 | 89 | 2 | 98% | 2% |
| Deildarstjórar | 19 | 16 | 3 | 84% | 16% |
| Forstöðumenn | 20 | 19 | 1 | 95% | 5% |
| Framkvæmdastjórar | 7 | 7 | 0 | 100% | 0% |

Tölur samkvæmt starfsmannafjölda 31.12.2024.
*Íslenskur ríkisborgararéttur.

### S1-11 Félagsleg vernd

Allt starfsfólk okkar nýtur félagslegrar verndar í gegnum opinber kerfi. Verndin nær til tekjutaps vegna sérhvers lífsviðburðar sem hér er upp talinn:

(a) Veikindi
(b) Atvinnuleysi sem hefst þegar starfsmaður er við störf hjá fyrirtækinu
(c) Vinnuslys og afleidd örorka
(d) Fæðingarorlof
(e) Starfslok vegna aldurs

### S1-12 Starfsfólk með fötlun

| Starfsfólk með fötlun 2024 | Heildarfjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Starfsfólk með fötlun sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna. | 0 | 0% |

Tölur samkvæmt starfsmannafjölda 31.12.2024.

### S1-13 Þjálfun og færnimat

Bláa Lónið hlítir íslenskum lögum og kjarasamningum hvað varðar þjálfun og færnimat. Samtök atvinnulífsins semur fyrir hönd Bláa Lónsins við gerð kjarasamninga. Grein 1.2.2. í kjarasamningi VR og SA tilgreinir að starfsmaður eigi rétt á árlegu viðtali við yfirmann um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Ef starfsmaður óskar eftir slíku viðtali skal það veitt innan tveggja mánaða. Niðurstöður viðtalsins þurfa að liggja fyrir eigi síður en eftir einn mánuð.

#### Blue Lagoon og Blue Lagoon Skincare

| Fræðsla starfsfólks eftir kyni 2024 | 2024 |
|---|---|
| **Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern starfsmann** | **5,5** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda | 4.420 |
| Allt starfsfólk | 799 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern kvenkyns starfsmann** | **5,8** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda á kvenkyns starfsmenn | 2.635 |
| Allt kvenkyns starfsfólk | 455 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern karlkyns starfsmann** | **5,2** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda á karlkyns starfsmenn | 1.754 |
| Allt karlkyns starfsfólk | 336 |

#### Blue Lagoon og Blue Lagoon Skincare

| Fræðsla starfsfólks eftir starfi 2024 | 2024 |
|---|---|
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, aðrir** | **7,9** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, aðrir | 3.015 |
| Heildarfjöldi, aðrir | 381 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, vakt- og verkstjórar** | **8,6** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, vakt- og verkstjórar | 630 |
| Heildarfjöldi vakt- og verkstjóra | 73 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, tæknimenn og sérhæft starfsfólk** | **0,6** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, tæknimenn og sérhæft starfsfólk | 108 |
| Heildarfjöldi tæknimanna og sérhæfðs starfsfólks | 179 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, sérfræðingar** | **3,6** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, sérfræðingar | 328 |
| Heildarfjöldi sérfræðinga | 91 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, millistjórnendur** | **7,7** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, millistjórnendur | 138 |
| Heildarfjöldi millistjórnenda | 18 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, forstöðumenn** | **-** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, forstöðumenn | 0 |
| Heildarfjöldi forstöðumanna | 20 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, framkvæmdastjórar** | **40,0** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, framkvæmdastjórar | 280 |
| Heildarfjöldi framkvæmdastjóra | 7 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, stjórnarmeðlimir** | **-** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, stjórnarmeðlimir | 0 |
| Heildarfjöldi stjórnarmeðlima | 8 |

## Blue Lagoon og Blue Lagoon Skincare

| Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern starfsmann 2024 | 2024 |
|---|---|
| **Meðalfjöldi skyldufræðslustunda á hvern starfsmann** | **3,6** |
| Skyndihjálp og björgun | 204 |
| Skyndihjálp | 270 |
| GÁMES | 0 |
| Heildarfjöldi fræðslustunda | 2.847 |
| Heildarfjöldi starfsfólks | 799 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda um heilsu og öryggi á hvern starfsmann** | **1,5** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda um heilsu og öryggi | 1.226 |
| Heildarfjöldi starfsfólks | 799 |

*Staðkennsla eingöngu.

| Fræðsla í boði til að auka hæfni og styðja við þróun í starfi 2024 | Staðnám | Vefnám |
|---|---|---|
| Rýmingarþjálfun | x | |
| Skyndihjálp og björgun | x | |
| Þjálfun, samþykkja útlagðan kostnað | | x |
| We create memories | x | |
| Að setja mörk með Röggu Nagla | x | x |
| Lífeyrismál og starfslok—MSS | x | |
| Vinnustofa fyrir vöruhús | x | |
| Leiðtogaþjálfun—jákvæð sálfræði fyrir vaktstjóra og aðstoðar-vaktstjóra | x | |
| Skyndihjálp (íslenska, enska og pólska) | x | |
| Mottumars | x | |

| Fræðsla í boði til að auka hæfni og styðja við þróun í starfi 2024 | Staðnám | Vefnám |
|---|---|---|
| Train the trainer—Þjálfun fóstra | x | |
| Þjálfunardagur | x | |
| Leiðtogaþjálfun—Hvernig yfirmaður ert þú? Vakstjórar og aðs-toðarvaktstjórar | x | |
| Tímastjórnun—Ingrid Kuhlman | x | |
| Jákvæð samskipti—Kvan | x | |
| Leiðtogaþjálfun—jafningjar og samskipti | x | x |
| Leiðtogaþjálfun—jafningjar og samskipti | x | x |
| Kokteilanámskeið—Jungle | x | |
| Hlaup og hreyfing—Arnar P. fyrir Reykjavíkurmaraþonið | x | |
| Streita og áhrif breytinga, fyrir rýmingarfulltrúa | x | |
| Örnámskeið í gasmælanetinu | x | x |
| Power BI örnámskeið | x | x |
| Hormónar—Halldóra Skúla | | x |
| Leiðtogaþjálfun—The 5 weaknesses of team spirit | x | x |
| Leiðtogaþjálfun—The 5 weaknesses of team spirit | x | |
| Leiðtogaþjálfun—The 5 weaknesses of team spirit | x | |
| Asana staðþjálfun | x | |
| Bleikur október—vitund, námskeið um krabbamein | x | |
| Hópeflisþjálfun fyrir rannsóknar- og þróunarsetur | x | |
| Hópeflisþjálfun fyrir mannauðssvið og markaðsdeild | x | |
| Leiðtogaþjálfun—erfið einstaklingssamtöl, hvatning og hrós | x | |
| Leiðtogaþjálfun—erfið einstaklingssamtöl, hvatning og hrós | x | |
| Dagvakt The Retreat x Opni háskólinn | x | |
| Bad Bosses—vinnustofa með Debra og Ken Corey | x | |

Starfsfólki Bláa Lónsins sem nálgast eftirlaunaaldur er boðið að sitja námskeið um skipulag lífeyrisréttinda og kjara.

## Kerlingarfjöll

| Fræðsla starfsfólks í Kerlingarfjöllum 2024 | 2024 |
|---|---|
| **Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern starfsmann** | **16,6** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda | 298 |
| Heildarfjöldi starfsfólks | 18 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern kvenkyns starfsmann** | **13,0** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda á kvenkyns starfsmenn | 104 |
| Heildarfjöldi kvenkyns starfsmanna | 8 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern karlkyns starfsmann** | **19,4** |
| Meðalfjöldi fræðslustunda á karlkyns starfsmenn | 194 |
| Heildarfjöldi karlkyns starfsmanna | 10 |

| Meðalfjöldi fræðslustunda á hvern starfsmann í Kerlingarfjöllum 2024 | 2024 |
|---|---|
| **Meðalfjöldi skyldufræðslustunda á hvern starfsmann** | **16,6** |
| Skyndihjálp og björgun | 140 |
| HACCP | 0 |
| Heildarfjöldi fræðslustunda | 298 |
| Heildarfjöldi starfsfólks | 18 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda um heilsu og öryggi á hvern starfsmann*** | **17,6** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda um heilsu og öryggi | 316 |
| Heildarfjöldi starfsfólks | 18 |

*Einungis staðgögn.

| Fræðsla í boði til að auka hæfni og styðja við þróun í starfi 2024 | Staðnám | Vefnám |
|---|---|---|
| Þjálfunardagur—Kerlingarfjöll | x | |
| Þjálfun í LS Retail verslunarkerfi—Kerlingarfjöll | x | |
| Þjónusta og ræstingar, yfirferð | x | |
| Vínnámskeið | x | |
| Skyndihjálp—Kerlingarfjöll | x | |
| Brunaæfing—Kerlingarfjöll | x | |
| Kokteilanámskeið | x | |
| Sögustund og rötun, snjósleðaferð—Kerlingarfjöll | x | |
| Viðbragð við ógnandi hegðun—Kerlingarfjöll | x | |
| Skyndihjálp og björgun—Kerlingarfjöll | x | |

Starfsfólki Bláa Lónsins sem nálgast eftirlaunaaldur er boðið
að sitja námskeið um skipulag lífeyrisréttinda og kjara.

| Fræðsla starfsfólks í Kerlingarfjöllum eftir starfi 2024 | 2024 |
|---|---|
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, aðrir** | **29,8** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, aðrir | 298 |
| Heildarfjöldi, aðrir | 10 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, vakt- og verkstjórar** | **-** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, vakt- og verkstjórar | 0 |
| Heildarfjöldi vakt- og verkstjóra | 3 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, tæknimenn og sérhæft starfsfólk** | **-** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, tæknimenn og sérhæft starfsfólk | 0 |
| Heildarfjöldi tæknimanna og sérhæfðs starfsfólks | 4 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, sérfræðingar** | **-** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, sérfræðingar | 0 |
| Heildarfjöldi sérfræðinga | 0 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, deildarstjórar** | **-** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, deildarstjórar | 0 |
| Heildarfjöldi deildarstjóra | 1 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, forstöðumenn** | **-** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, forstöðumenn | 0 |
| Heildarfjöldi forstöðumanna | 0 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, framkvæmdastjórar** | **40,0** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, framkvæmdastjórar | 280 |
| Heildarfjöldi framkvæmdastjóra | 7 |
| **Meðalfjöldi fræðslustunda, stjórnarmeðlimir** | **-** |
| Heildarfjöldi fræðslustunda, stjórnarmeðlimir | 0 |
| Heildarfjöldi stjórnarmeðlima | 8 |

## S1-14 Heilsa og öryggi

### Heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi

Bláa Lónið hefur innleitt heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO staðal 45001. Stjórnunarkerfið felur í sér öryggisteymi, innleiðingu tilkynningakerfis, reglulegt innra og ytra áhættumat sem starfsfólk tekur þátt í og að fylgja viðeigandi lögum og reglum í þaula. Gild öryggis- og heilbrigðisstefna endurspeglar vilja fyrirtækisins til að vera með öruggan og heilsusamlegan vinnustað. Einnig eru neyðaráætlanir endurskoðaðar reglulega og þær styrktar með æfingum. Til að auka enn frekar á öryggi eru öryggisverðir á vakt allan sólarhringinn en það eflir allar öryggisráðstafanir innan fyrirtækisins.

Heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfið nær til alls starfsfólks, allrar starfsemi og allra starfsstöðva innan Bláa Lónsins h.f. og nær yfir breitt svið hlutverka og starfa þvert á deildir og starfsstöðvar. Við erum skuldbundin því að bjóða öruggan og heilsusamlegan vinnustað og sú skuldbinding nær til alls starfsfólks sem tekur þátt í starfseminni.

Allt starfsfólk, öll starfsemi og allar vinnustöðvar innan fyrirtækisins falla undir heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfið. Félagið setur vellíðan starfsfólks í forgang og leggur áherslu á að innleiða alhliða öryggisráðstafanir í allri sinni starfsemi.

### Hættugreining, áhættumat og atvikarannsókn

Bláa Lónið notar markvissa hættugreiningar- og áhættumatsferla sem farið er reglulega yfir í samráði við starfsfólk og hagaðila. Skipuriti stjórnunar er beitt til að útiloka hættur og lágmarka áhættuþætti og tæknilegt eftirlit og stjórnunareftirlit er tekið fram yfir persónulegan hlífðarbúnað. Við þessa ferlisvinnu er hæfni tryggð með skilgreindum skilyrðum og reglulegri þjálfun starfsfólks. Matsniðurstöður eru notaðar til að tryggja stöðuga bætingu heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfisins.

Verklagsreglur fyrir áhættumat, stýringar, tilkynningu atvika, frumorsakagreiningu, bætingu og neyðarviðbrögð eru til staðar. Öryggisteymið sér til þess að verkferlum sé fylgt og úthlutar ábyrgðarhlutverkum til framkvæmdastjórnar og yfirmanna, sem undirstrikar samvinnu í öryggisstjórnun innan félagsins.

Bláa Lónið hefur innleitt aðgengilegt tilkynningaforrit fyrir allt starfsfólk sem nær til allra atvika hjá félaginu. Þetta notendavæna verkfæri hvetur til tímanlegra tilkynninga um atvik þar sem liggur við slysi, hættulegar aðstæður og atvik sem ná til gesta, starfsfólks og verktaka. Til að ýta undir gagnsætt tilkynningaferli er starfsfólk hvatt til að nota forritið án þess að þurfa að óttast refsingu. Skýr stefna félagsins leggur áherslu á virði tilkynninga hvað varðar heildstæðar öryggisumbætur og fyrirtækið kemur með virkum hætti í veg fyrir allar refsiaðgerðir.

Regluleg samskipti og þjálfun styrkja mikilvægi tilkynninga og stuðla að vinnustað þar sem öryggi er á allra ábyrgð.

Starfsfólk er hvatt til að meta að fyrra bragði áhættuþætti í störfum sínum og draga úr hættu áður en verkefni er unnið. Áhersla á að tryggja velferð starfsfólks er efld með reglulegum samskiptum og þjálfun sem styrkir vinnustaðamenningu þar sem öryggið er í fyrsta sæti. Þar að auki er í gildi verklagsregla um verndun uppljóstrara til að styðja enn frekar við og vernda þau sem vekja athygli á öryggisvanda.

Fyrirtækið fer eftir yfirgripsmiklu ferli sem felur í sér hættugreiningu og áhættumat til að rannsaka vinnutengd atvik. Stuðst er við frumorsakagreiningu, sem oft nýtir aðferðir á borð við 5 whys, til þess að rannsaka undirliggjandi þætti til hlítar. Úrbætur eru síðan ákveðnar með því að nota skipurit stjórntækja og tækja- og stjórnunarlausnir settar í forgang. Rannsóknarferlið felur einnig í sér sífelldar úrbætur á heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfinu sem stuðlar að jákvæðu og móttækilegu viðhorfi gagnvart öryggi á vinnustað.

### Heilbrigði starfsmanna

Heildrænni velferðarnálgun er beitt á heilbrigðisþjónustu starfsfólks með áherslu á að bera kennsl á hættur og lágmarka áhættuþætti. Starfsfólki bjóðast viðtöl við lækni, þjónusta sálfræðings, heilbrigðisskoðun og bólusetning gegn inflúensu. Til að stuðla að líkamlegu og andlegu heilbrigði er einnig veittur líkamsræktarstyrkur. Þá er boðið upp á jóga- og hugleiðslutíma, ýmist innanhúss eða á netinu, gönguhópa, golf og fleira, að ógleymdu kyrrðarherbergi. Reglulegir heilsufyrirlestrar um að setja sér mörk, hvernig á að hafa stjórn á streitu og ávinning góðs svefns, tryggja heildræna nálgun og ýta undir öruggan og heilbrigðan vinnustað sem styður við starfsfólk sitt.

Hjá Bláa Lóninu er trúnaður um heilsufarsupplýsingar starfsfólks í forgangi. Áhersla á persónuvernd nær til samstarfs við utanaðkomandi heilbrigðisþjónustu sem fylgir almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR).

Bláa Lónið h.f. fylgir íslenskri vinnumarkaðslöggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Samtök atvinnulífsins semja fyrir hönd Bláa Lónsins við gerð kjarasamninga.

### Þátttaka starfsfólks, ráðgjöf og samskipti um heilbrigði og öryggi starfsfólks

Rík áhersla er lögð á þátttöku starfsfólks í heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi Bláa Lónsins. Starfsfólk leggur sitt af mörkum með því að taka þátt í áhættumati fyrir sín verkefni. Fulltrúar starfsfólks eiga sæti í vinnuverndarnefnd og veita mikilvægt framlag til ákvarðana um öryggismál. Allt starfsfólk hefur aðgang að forriti fyrir tilkynningu atvika sem eflir rauntímasamskipti um öryggisvanda. Þar að auki hefur starfsfólk aðgang að bæði öryggisvörðum og öryggisteymi allan sólarhringinn sem tryggja öryggi á vinnustaðnum.

Vinnuverndarnefnd Bláa Lónsins, sem samanstendur af átta meðlimum úr hópi starfsfólks og stjórnenda, hittist ársfjórðungslega. Á meðal ábyrgðarhlutverka nefndarinnar er áhættumat, stefnumótun, umfjöllun um atvik, tillögur að þjálfun og að tryggja að reglum sé fylgt. Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald en tillögur hennar hafa mikil áhrif á ákvarðanir um öryggi. Allt starfsfólk á sér fulltrúa, sem tryggir að mismunandi sjónarmiðum sé komið á framfæri til að stuðla að öruggari og heilbrigðari vinnustað. Þess utan sendir vinnuverndarnefndin minnisblað til framkvæmdastjórnar einu sinni á ári þar sem áherslum hennar í heilsu- og öryggismálum er komið á framfæri. Bent er á það helsta sem nefndin hefur áhyggjur af varðandi heilbrigði og öryggi. Þannig stuðlar nefndin að gagnsæjum samskiptum og stöðugum öryggisumbótum.

### Þjálfun starfsfólks varðandi heilbrigði og öryggi

Árið 2024 beindist þjálfun innan heilbrigðis- og öryggissviðs að vellíðan starfsfólks. Nýtt starfsfólk lýkur grunnnámskeiði í öryggismálum og skyldubundnu skyndihjálparnámskeiði. Sérsniðin námskeið eru haldin fyrir gæslufólk og starfsfólk á hálendinu þar sem fjallað er um áhættuatriði sem tengjast baðlóninu og áskoranir tengdar óbyggðum. Neyðaráætlanir á netinu tryggja aðgengi og reglulegar æfingar styrkja viðbúnað. Á námskeiðum er farið yfir viðbrögð við ógnandi hegðun og þjófnaði en með brunaæfingum er skerpt á rýmingarferlum. Þessi heildstæða nálgun miðar að því að skapa öruggt vinnuumhverfi og að styrkja starfsfólk í því að takast á við neyðartilvik og hættuástand á árangursríkan hátt.

Skyndihjálparnámskeið eru haldin annan hvern mánuð og eftir þörfum fyrir nýtt starfsfólk. Sérsniðin, endurgjaldslaus þjálfun er veitt í takt við hlutverk starfsfólks. Bakgrunnur þjálfara er vandlega kannaður og námskeið eru í boði á íslensku og ensku. Boðið hefur verið upp á pólskan túlk og þörfin á slíku er metin hverju sinni. Sum námskeiðin eru skylda á meðan önnur eru valkvæð. Matsaðferðir eru mismunandi og fela í sér próf og Moodup–kannanir fyrir árangursríka endurgjöf.

### Efling heilbrigðis starfsfólks

Velferð starfsfólks er sett í forgang með því að veita því aðgang að heilsugæsluluþjónustu utan vinnustaðarins. Þjónustan felur í sér trúnaðarfundi með sálfræðingum, árlegt heilsufarsmat innanhúss, bólusetningu gegn inflúensu og aðgang að fyrirtækjalæknum í gegnum yfirmenn eða öryggisteymi. Skuldbindingin endurspeglar heildræna nálgun á heilbrigði og vellíðan starfsfólks.

Bláa Lónið leggur áherslu á alhliða velferð starfsfólks síns með valkvæðri heilsueflingarþjónustu.

Fyrirlestrar eru reglulega í boði, til dæmis um streitustjórnun, betri svefn, næringu eða að setja mörk. Þessi úrræði hvetja starfsfólk til að mæta ógn við heilbrigði sem er ótengd vinnunni. Þessi valkvæðu námskeið styrkja starfsfólk enn fremur í að taka jákvæðar ákvarðanir varðandi lífstíl og hvetja það til lifa lífinu á heilbrigðari hátt og í meira jafnvægi. Skuldbinding Bláa Lónsins til alhliða velferðar nær út fyrir vinnustaðinn og býr til umhverfi þar sem starfsfólk er stutt til að taka virka ábyrgð á eigin heilsu.

### Heildarfjöldi starfsfólks sem fellur undir heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi: 100%

Heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi Bláa Lónsins h.f. nær til alls starfsfólks.

| Vinnutengd meiðsli | 2024 |
|---|---|
| **Tegund vinnutengdra meiðsla starfsfólks** | **Heildarfjöldi atvika 2024** |
| Aðallega skrámur, mar og bólgur á hand- og fótleggjum | 43 |
| **Tegund vinnutengdra meiðsla annarra en starfsfólks, svo sem verktaka, að störfum á starfsstöðvum félagsins** | **Heildarfjöldi atvika 2024** |
| Engin | 0 |
| **Dauðsföll af völdum slysa** | **Heildarfjöldi dauðsfalla 2024** |
| Starfsfólk | 0 |
| Aðrir, svo sem verktakar, að störfum á starfsstöðvum félagsins | 0 |

| Vinnutengd veikindi | 2024 |
|---|---|
| **Vinnutengt heilsuleysi starfsfólks** | **Heildarfjöldi atvika 2024** |
| Vinnutengd veikindi | 1 |
| **Vinnutengt heilsuleysi annarra en starfsfólks, svo sem verktaka, að störfum á starfsstöðvum félagsins** | **Heildarfjöldi atvika 2024** |
| Ekkert | 0 |
| **Dauðsföll af völdum vinnutengdra veikinda** | **Heildarfjöldi dauðsfalla** |
| Starfsfólk | 0 |
| Aðrir, svo sem verktakar, að störfum á starfsstöðvum félagsins | 0 |
| **Tapaðir vinnudagar** | **Heildarfjöldi daga 2024** |
| Fjöldi tapaðra vinnudaga vegna vinnutengdra meiðsla og dauðsfalla eða vinnutengdra veikinda og eða dauðsfalla vegna þeirra | 108 |

### S1-15 Jafnvægi vinnu og einkalífs

Starfsfólk hefur rétt á leyfi vegna fjölskylduaðstæðna í gegnum kjarasamninga.

| Fæðingarorlof 2024 | Konur | Karlar |
|---|---|---|
| Heildarfjöldi starfsfólks sem átti rétt á fæðingarorlofi | Allt starfsfólk | Allt starfsfólk |
| Heildarfjöldi starfsfólks sem tók fæðingarorlof | 43 | 27 |
| Heildarfjöldi starfsfólks sem sneri aftur til starfa eftir að fæðingarorlofi lauk* | 22 | 26 |
| Fjöldi starfsfólks sem sneri aftur til vinnu eftir fæðingarorlof og var enn á launaskrá 12 mánuðum eftir lok fæðingarorlofs | 9 | 32 |
| **Hlutfall** starfsfólks sem sneri aftur til starfa eftir að fæðingarorlofi lauk | 51% | 96% |
| **Hlutfall** starfsfólks sem sneri aftur til vinnu eftir fæðingarorlof og var enn á launaskrá 12 mánuðum eftir að fæðingarorlofi lauk | - | - |

Tölur samkvæmt starfsmannafjölda frá 01.01.2024 til 31.12.2024.

## S1-16 Launagreining (launamunur og heildarlaun)

| Jafnlaunavottun | 2024 | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Kynbundinn launamunur | 1,1% | 0,7% | 0,6% |
| Útskýringarhlutfall | 95,0% | 95,2% | 96,2% |

| Launahlutfall forstjóra | 2024 | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi | - | - | - |

## S1-17 Atvik, kvartanir og alvarleg mannréttindabrot

Bláa Lónið kappkostar að standa vörð um og tryggja mannréttindi í samræmi við innlenda og alþjóðlega staðla og leggur ríka áherslu á að auka vellíðan alls fólks.

### Vinna barna

Ávallt er krafist upplýsinga um kennitölu sem segja til um aldur ef á þarf að halda. Ef ekki er hægt að útvega kennitölu er gerð krafa um skilríki sem sýna dagsetningu og ártal fæðingar. Allar ráðningar fara í gegnum ráðningarkerfi okkar, 50skills. Kennitölur eru gefnar út af Þjóðskrá Íslands út frá fæðingarári.

Á Íslandi eru sérstök lög í gildi um störf barna og unglinga. Almennt taka stéttarfélög á málaflokknum og koma í veg fyrir að barnaþrælkun eigi sér stað. Eftirfarandi eru dæmi um reglur sem íslenskt stéttarfélag starfar eftir:

- Börnum yngri en 13 ára er ekki heimilt að vinna langan vinnudag á hverjum degi og geta í slíkum tilvikum aðeins tekið að sér mjög létt verk eins og innan menningar og lista, eða á íþróttaviðburðum.
- Börnum á aldrinum 13-14 ára er heimilt að vinna létt og örugg störf eins og þjónustustörf.
- Unglingum á aldrinum 15-17 ára er heimilt að vinna flest störf nema þau sem eru talin hættuleg eða líkamlega mjög erfið. Þeim er óheimilt að vinna með hættuleg efni eða vélar.
- Næturvinna barna og unglinga er bönnuð.
- Samkvæmt lögum verða börn og unglingar (allt að 18 ára) að fá tvo daga í frí á viku og 12-14 klukkustunda hvíld á sólarhring (14 klukkustundir fyrir 13-14 ára börn, 15 klukkustundir fyrir 15 ára unglinga sem stunda skyldunám og 12 klukkustundir hjá unglingum á aldrinum 15 til 17 ára).
- Vinna barna og unglinga verður að fara fram undir eftirliti einstaklings sem hefur náð 18 ára aldri.
- Foreldrar hafa eftirlitsskyldu gagnvart börnum sínum þegar þau koma inn á vinnumarkaðinn. Börnum allt að 18 ára er óheimilt að skrifa undir ráðningarsamning nema með samþykki foreldra sinna. Nánar á vinnueftirlitid.is

### Nauðungarvinna

Í Bláa Lóninu er enginn þvingaður til að sinna nauðungarvinnu. Öllum er frjálst að sinna störfum að eigin óskum með tilliti til tiltækra stöðugilda og faglegrar færni sem krafist er fyrir hverja stöðu.

### Fjölbreytileiki, mismunun og áreiti

Bláa Lónið h.f. hlítir íslenskum lögum og kjarasamningum hvað varðar fjölbreytileika, mismunun og áreiti. Sjá sérstaklega lög 45/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 1009/2015: Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Við ráðningar leggjum við okkur fram um að jafna kynjahlutföll. Á sama tíma leitumst við við að ráða hæfustu einstaklingana. Árið 2024 hlotnaðist Bláa Lóninu h.f. sá heiður að hljóta viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar í þriðja sinn. Félagið hefur lagt mikla áherslu á að fóstra umhverfi jafnréttis og fjölbreytileika og erum við því afar stolt af viðurkenningunni.

| Bann við mismunun | 2024 |
|---|---|
| Fjöldi atvika, mismunun | 0 |
| Birting upplýsinga um stöðu atvika og/eða kvartana og úrbætur gerðar | 0 |

### Fríðindi og félagslíf starfsfólks

| Fríðindi starfsfólks 2024 | Tegund fríðinda |
|---|---|
| Aðgangur að líkamsræktarstöð eða heilsustyrkur | Aðgangur að líkamsræktarstöð |
| Afsláttur í Hreyfingu Spa | 15% afsláttur af spa-meðferðum |
| Golfnámskeið | Ókeypis námskeið |
| Gym Heilsa Vogar, Hafnarfjörður, Álftanes | Aðgangur að líkamsræktarstöð |
| Vök Fellabæ | Ókeypis aðgangur + einn gestur |
| Geosea Húsavík | Ókeypis aðgangur + einn gestur |
| Jarðböðin Mývatn | Ókeypis aðgangur + einn gestur |
| Fontana Laugarvatn | Ókeypis aðgangur + einn gestur |
| Forest Lagoon | Ókeypis aðgangur og 50% afsláttur fyrir einn gest |
| Hvammsvík | Ókeypis aðgangur og 50% afsláttur fyrir einn gest |
| Farmers Market | 30% afsláttur |
| 66°North | 30% afsláttur |
| Vinnuvernd | Sálfræðiaðstoð |
| Wellbeing Hub | Inneign fyrir 3 tímum fyrir hvern starfsmann, fyrir tímum hjá sérfræðingi. Endurnýjast árlega. |
| Flothetta | 30% afsláttur |
| Sundlaugar í Reykjanesbæ | Heilsustyrkur |
| Jólaafslættir | 10-15% afsláttur í jólaverslun hjá ýmsum fyrirtækjum |

*Allt starfsfólk hafði kost á því að nýta sér sundlaug í Keflavík gjaldfrjálst allt árið.
Starfsfólk gat nýtt sér sundlaugar í Reykjavík gjaldfrjálst yfir sumartímann.

### Viðburðir og félagsstarf starfsfólks 2024

Bláa Lónið stóð fyrir ríflega 38 viðburðum fyrir starfsfólk á árinu. Meðal annars var efnt til viðburða í tengslum við Mottumars og Bleikan október, fjölbreyttar starfsmannaskemmtanir haldnar, boðið á fjölskyldutengda viðburði og efnt til fræðslu á sviði andlegrar og líkamlegrar heilsu, umhverfismálefna, í að skapa góðan vinnuanda o.fl. Þátttaka starfsfólks var afar góð. Yfir 75% viðburðanna miðuðu að því að auka vellíðan starfsfólks, sýna umhyggju og búa til tækifæri til skemmtunar.

### Viðburðir 2024

| Viðburður | Lýsing |
|---|---|
| Blátoppar, gönguferð | Starfsfólk gekk saman í Kerlingarfjöllum |
| Framadagar | Félagið styrkti Framadaga og kynnti starfsemi sína |
| Mannauðsdagurinn í Hörpu | Forstöðumaður mannauðssviðs hélt erindi og starfsfólk frá mannauðssviði og markaðsdeild hlýddi á. Fleiri áhugaverðir fyrirlestrar voru í boði. |
| Mottumars | Hvatning til alls starfsfólks |
| Píla og karaoke | Skemmtun á vegum starfsmannafélagsins |
| Árshátíð | Tónlistaratriði, hátíðarkvöldverður, skemmtun, árshátíðar-myndband |
| Keila | Skemmtun á vegum starfsmannafélagsins |
| Páskafjör | Páskagjafir, gott kaffi, góð stemming |
| Fjölskyldudagur | Fjölskyldudagur í Keflavík fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra |
| Plokkdagurinn | Starfsfólk á öllum starfsstöðvum fór út að tína rusl |
| Gólfið er laust | Open mic: starfsfólk skemmti samstarfsfólki í mötuneytum í hádegi |
| Páskabingó | Skemmtun á vegum starfsmannafélagsins |
| Hlöðuball | Ball og línudans fyrir starfsfólk í Hlégarði |
| Sumarferð að Laugarvatni | Val á milli gönguferðar eða fjársjóðsleitar í kringum Laugar-vatn |
| Útilega í Hólaskógi | Starfsmannafélagið skipulagði einnar nætur útilegu í Hóla-skógi |
| Sumarlokahóf | Haldið upp á góðan árangur sumarsins í Iðnó í Reykjavík |
| Þjóðhátíðardagurinn | Við héldum upp á þjóðhátíðardag Íslands 17. júní |

| Viðburður | Lýsing |
|---|---|
| Kerlingarfjöll Ultra | Hvatning til heilsueflingar |
| Reykjavíkurmaraþon | Hvatning til heilsueflingar |
| Golfmót | Starfsfólk hvatt til þátttöku |
| Nýtt næðisrými | Hvatning til heilsueflingar |
| Píla og karaoke | Skemmtun á vegum starfsmannafélagsins |
| Kahoot-hádegi | Nokkrir viðburðir fyrir starfsfólk bæði til gamans og fróðleiks |
| Hinsegin dagar | Við héldum upp á Hinsegin daga og fögnuðum fjölbreytileikan-um |
| Vöffludagur | Öllu starfsfólki boðið í vöfflur |
| Ísdagur | Starfsfólki á öllum starfsstöðvum boðið upp á ís |
| Guli dagurinn | Vitundavrakning um geðheilbrigði |
| Starfsgreinakynning | Starfsgreinakynning fyrir nemendur á Suðurnesjum |
| Hrekkjavökukaffitími | Búningapartý, kökur og skemmtun á vinnutíma |
| Bleikur október | Bleikur viðburður með fræðslu og ferð í lónið |
| Afsláttardagar starfsfólks | Starfsfólk naut auka afsláttar af öllum húðvörum Blue Lagoon Skincare í verslunum í nóvember og desember |
| Bíókvöld | Nokkrar hópferðir í bíó yfir árið |
| Jólaafsláttadagar | Starfsfólki stóð til boða að nýta sér ýmsa afslætti til að draga úr streitu yfir hátíðirnar |
| Tidyber | Hreinlætis- og tiltektarátak fyrirtækisins |
| Hugleiðsla í streymi | Hugleiðslu streymt fyrir allt starfsfólk 6.-9. nóvember |
| Jólagleði í hjarta Hafnarfjarðar | Skautar, gengið um Hellisgerði, jólasveinar og heitt súkkulaði |
| Jólatónleikar | Tónleikar í Gamla Bíó með Ásgeiri Trausta, skemmtun á vegum starfsmannafélagsins |
| Aðventugleði og jólagjafir | Tónlistaratriði, jólamatur, gjöfum dreift bæði í Bláberinu og Esju |
| Gleðistund | Viðburður fyrir starfsfólk í Esju utan vinnutíma |

### Félagafrelsi og kjarasamningsfrelsi

Á Íslandi byggist vinnumarkaðurinn fyrst og fremst á kjarasamningum. Félagafrelsi, kjarasamningar og iðnaðarsambönd byggja á landslögum og Bláa Lónið starfar í fullu samræmi við þau.

Bláa Lónið h.f. hlítir íslenskri vinnumarkaðslöggjöf og þeim kjarasamningum sem gerðir eru og varða til að mynda ráðningasamninga, laun, vinnutíma, orlofsgreiðslur, veikindarétt, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, foreldraorlof og aðgengi erlends vinnuafls að vinnumarkaðnum.

Starfsfólk fyrirtækja þar sem starfa 5-50 manns hefur rétt á að velja sér einn trúnaðarmann frá sínu stéttarfélagi, en tvo ef fleiri en 50 starfa hjá fyrirtækinu. Eftir kosningu til trúnaðarmennsku tilnefnir hvert stéttarfélag trúnaðarmennina. Þessi meginregla er í anda laga 80/1938 og hefur verið frekar útfærð í kjarasamningum. Trúnaðarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

### Persónuvernd

Bláa Lónið heldur utan um vinnsluskrár, verklagsreglur, stefnur og eyðingu gagna í samræmi við kröfur GDPR fyrir bæði starfsfólk og viðskiptavini. Félagið fékk engar kvartanir eða sektarákvæði vegna þessa árið 2024.

## ESRS S4 Neytendur og endanotendur

S4-4 Aðgerðir vegna áhrifa mikilvægra þátta á neytendur og endanotendur og leiðir til að milda þær áhættur, að leita tækifæra til umbóta  og meta árangur þeirra aðgerða.

### Heilbrigði og öryggi gesta

Í Bláa Lóninu er öryggi gesta í algjörum forgangi og margs konar ráðstafanir gerðar til að tryggja það. Skýrum öryggisskilmálum og -reglum er miðlað og vel þjálfað starfsfólk getur brugðist snarlega við öllum atvikum sem upp kunna að koma.

Þjálfað gæslufólk er til staðar í öllum lónum sem og skyndihjálparherbergi með viðeigandi búnaði til þess að unnt sé að veita tafarlausa hjálp. Öryggisverðir eru á vakt allan sólarhringinn og eftirlitskerfi er sífellt í gangi, sem stuðlar að bættu öryggi. Hreinlæti er tryggt með stöðugum þrifum allan sólarhringinn. Starfsfólk gengst undir neyðarþjálfun og öryggisteymið stjórnar alhliða áætlunum svo öryggi sé stýrt með fyrirbyggjandi hætti. Allt ofantalið undirstrikar markmið félagsins um að tryggja öllum gestum örugga og eftirminnilega upplifun.

| Meiðsli gesta | Heildarfjöldi atvika 2024 |
|---|---|
| Aðallega skrámur, mar og bólgur á hand- og fótleggjum | 21 |
| Tilfelli vanefnda sem varða heilbrigðis- og öryggisáhrif vöru og þjónustu | 0 |

### Stuðningur við nærsamfélagið

Bláa Lónið styður við breitt svið verkefna sem tengjast íþrótta-, ungmenna- og menningarstarfi sem og heilbrigðis- og umhverfislegum umbótum fyrir nærsamfélagið.

Eftir undirskrift samstarfssamnings á milli Bláa Lónsins og Reykjanes UNESCO Global Geopark samþykktu fyrirtækin, sem og sveitarfélögin fjögur innan svæðisins, þar að auki að Bláa Lónið hrinti af stað umbótavinnu á aðstöðunni við Reykjanesvita. Þjónustumiðstöðin Reykjanes ehf., sem er að stærstum hluta í eigu Bláa Lónsins, stýrir þeirri vinnu.

Félagið hefur boðið Íslendingum upp á náttúrulega meðferð við psoriasis í áraraðir. Meðferðin fer fram í Lækningalind Bláa Lónsins og er ríkinu að kostnaðarlausu. Heilbrigðisyfirvöld hafa samþykkt meðferðina í lækningaskyni fyrir psoriasis–sjúklinga.

Árið 2024, líkt og fyrir ár, veitti Bláa Lónið sjúkratryggðum Íslendingum psoriasis–meðferð þeim að kostnaðarlausu. Meðferðarfjöldinn var 432, sem eru færri meðferðir en árið 2023 sökum jarðhræringa og lokana þeirra vegna.

| Samfélagsverkefni og styrkir 2024 | ISK | % |
|---|---|---|
| Íþróttastarf | 33.745.820 | 29,4% |
| Menning og fræðsla | 59.138.852 | 51,6% |
| Heilsa | 161.080 | 0,14% |
| Psoriasis–meðferðir | 21.600.000 | 18,8% |
| **Alls** | **114.645.752** | **100,00%** |

| | |
|---|---|
| Velta ISK | 17.181.482.888 |
| Hlutfall framlaga | 0,67% |

# Stjórnarhættir

## ESRS G1 Stjórnarhættir

### G1-4 Staðfest tilvik um spillingu og mútuþægni
Engin tilfelli spillingar og mútuþægni voru skráð árið 2024.

### Aðrir þættir
Beint efnahagslegt framlag.

| Beint efnahagslegt virði í milljónum ISK* | 2024 | 2023 | % 2023-2024 |
|---|---|---|---|
| Tekjur | 17.181 | 20.880 | -22% |
| Rekstrarkostnaður** | 6.355 | 6.411 | -1% |
| Laun og launatengd gjöld | 9.397 | 8.676 | 8% |
| Arður til hluthafa | 0 | 0 | 0 |
| Virðisaukaskattsgreiðslur | 369 | 809 | -119% |
| Fasteignagjöld | 169 | 148 | 12% |
| Tollgjöld á framleiddar vörur | 139 | 100 | 28% |
| Tekjuskattur | 0 | 717 | 0 |
| Samfélagsstyrkir*** | 115 | 219 | -90% |
| Efnahagslegt framlag alls | 16.544 | 17.084 | -3% |
| Efnahagslegur ávinningur | 637 | 3.796 | -496% |
| **Efnahagslegt framlag sem hlutfall af heildartekjum** | **96%** | **82%** | **15%** |

*Meðalgengi EUR/ISK= 149,31.
**Án afskrifta.
***Sjá yfirlit yfir samfélagsverkefni og styrki.

| Efnahagslegt framlag | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Til mannauðs | 57% | 51% |
| Til ríkisins | 4% | 10% |
| Til hluthafa | 0% | 0% |
| Til samfélagsins | 1% | 1% |
| Til birgja | 38% | 38% |
| **Alls** | **100%** | **100%** |

### Skattlagning
Bláa Lónið fylgir lagalegum kröfum um skattlagningu í samræmi við skattalagasafn ríkisskattstjóra.
Sjá skattalagasafn.rsk.is.

Fjármálastjóri félagsins ber ábyrgð á útreikningum og greiðslum í samræmi við kröfur skattalaga. Búið er að skilgreina ferla Fjármálasviðs og þeir teknir út af óháðum þriðja aðila. Félagið fylgir ávallt lagalegum kröfum eins og fram kemur í almennri stefnu félagsins.

| Skattspor 2024 | ISK | Hlutfall |
|---|---|---|
| Skattur og önnur launatengd gjöld greidd af launum starfsfólks | 3.459.365.950 | 84% |
| Greiddur virðisaukaskattur | 368.906.458 | 9% |
| Fasteignagjöld | 168.981.210 | 4% |
| Tollgreiðslur v. framleiðslu | 138.581.118 | 3% |
| Tekjuskattur | 0 | 0% |
| **Alls** | **4.135.834.736** | **100%** |

### Innkaupahættir
Bláa Lónið skilgreinir staðbundna birgja sem þá sem hafa löglegar höfuðstöðvar innan 80 km radíuss frá höfuðstöðvum Bláa Lónsins í Garðabæ. 80 km vegalengd er tilgreind í mati B Impact samkvæmt skilgreiningu þeirra á „staðbundnum birgjum". Árið 2024 voru um 95% af heildarinnkaupum fyrirtækisins hjá íslenskum birgjum. 75% birgja voru í innan við 80 km fjarlægð frá höfuðstöðvum og 8% innan Suðurnesja. Greining er í gangi að meta misjöfn nærsamfélög ólíkra rekstrareininga úti á landi. Sú greining mun hafa áhrif á skilgreiningu og mat félagsins á eftirfarandi gögnum.

| Svæði | % |
|---|---|
| Innan 80 km frá höfuðstöðvum | 67 |
| Suðurnes | 8 |
| Önnur svæði á Íslandi | 20 |
| **Íslensk innkaup** | **95** |

Upplýsingagjöf vegna 8. greinar flokkunarkerfis Evrópusambandsins.

### Flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy)
Bláa Lónið leggur til beint framlag til umhverfismarkmiðs 4, þ.e. umbreytingar í hringrásarhagkerfi. Starfsemi fyrirtækisins er ekki skaðleg í tilliti hinna umhverfismarkmiðanna sem neinu nemur.

BLUE LAGOON